# FRÉTTABLAÐIÐ

251. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 24. OKTÓBER 2016





Burt með launamun kynjanna! Svo hljóðar krafa dagsins. Konur ætla að leggja niður störf klukkan 14.38 í dag og Kvenréttindafélag Íslands boðar í tilefni þess til samstöðufunda klukkan 15.15 á Austurvelli, Akureyri, Grundarfirði, Hellu, Höfn í Hornafirði, í Neskaupstað og Þorlákshöfn. Þær Kristjana Björk Barðdal, Tinna Hallgrímsdóttir, Sandra Kristín Jónasdóttir og Linda Giozza unnu baki brotnu við skiltagerð fyrir fundinn í dag í kvennaheimilinu á Hallveigarstöðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Víðines opnað síðar í vikunni

**FLÓTTAMENN** Stefnt er að því að flytja hælisleitendur úr gistiheimilinu við Bæjarhraun í Hafnarfirði inn í Víðines síðar í þessari viku. Veggjalús hefur skotið upp kollinum í húsnæðinu við Bæjarhraun.

„Það þarf að frysta öll fötin þeirra og þau þurfa að vera í frosti í að minnsta kosti tvo sólarhringa til að drepa lúsina,“ segir Áshildur Linnet hjá Rauða krossinum.

Nú standi yfir fatasöfnun á vegum Rauða krossins en ekki verði hægt að útvega allan útivistarfatnað fyrir börn og aðra. – þh / sjá síðu 6



Áshildur Linnet

# Risasamruni fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtækja

**Stærstu viðskipti ársins eru kaup AT&T á Time Warner. Ólafur Jóhann Ólafsson segir samrunann viðbragð við breyttri hegðun neytenda á fjölmiðlamarkaði**

**VIÐSKIPTI** Fjarskiptarisinn AT&T mun borga þrettán þúsund milljarða fyrir Time Warner sem á m.a. CNN, HBO og Warner Bros.

Ólafur Jóhann Ólafsson, aðstoðarforstjóri Time Warner, hefur verið í hópi lykilstjórnenda Time Warner í sautján ár. „Hér er verið að sameina stærsta dreifingarfyrirtækið og það sem við viljum meina að sé öflugasta fjölmiðlunarfyrirtækið,“ segir hann.



Ólafur Jóhann Ólafsson

Ólafur Jóhann segir breytingar á hegðun neytenda kalla á nýjar leiðir í dreifingu myndefnis. „Við sjáum breytingarnar á því hvernig fólk nálgast efni og það kallar á að sníða þjónustu að þörfum hvers og eins,“ segir Ólafur Jóhann í samtali við Fréttablaðið.

Samþykki yfirvalda í Bandaríkjunum þarf fyrir samrunanum og reiknar Ólafur Jóhann með því að það ferli muni taka nokkurn tíma en væntingar eru um að samruninn gangi í gegn fyrir lok næsta árs. – hh / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Sólveig Jónasdóttir, upplýsingafulltrúi SFR, skrifar um óþolinmæði kynslóðanna. 12

**SPORT** Aron Pálmarsson er eftirsóttur sem fyrr og ákveður sig um félagaskipti næsta sumar. 14

**TÍMAMÓT** Í dag er liðið 41 ár síðan íslenskar konur tóku höndum saman og lögðu niður störf. 16



**LÍFIÐ** María Höskuldsdóttir, þrettán ára dansari hjá Dansstúdíói World Class, sló í gegn í DWC Dance Camp sem fram fór í síðustu viku. 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● FASTEIGNIR


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


KJARAJAFNRÉTTI STRAX!

KONUR! GÖNGUM ÚT Í DAG KL. 14:38

FUNDUR HEFST Á AUSTURVELLI KL. 15:15

#KVENNAFRÍ #JÖFNKJÖR

KVENNAFRÍ

## Veður




Suðlæg átt í dag, yfirleitt 5-10 m/s. Skúrir eða él, en skýjað og þurrt að mestu um landið norðaustanvert. Kólnar í veðri, hiti 2 til 9 stig. Víða má búast við næturfrosti.

SJÁ SÍÐU 18



**Forystufólk Viðreisnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vilja stofna innviðasjóð

**STJÓRNMÁL** Viðreisn vill að tekjur ríkisins af uppboði aflaheimilda í sjávarútvegi renni í sérstakan innviðasjóð. Hann verði síðan notaður til uppbyggingar á fjölbreyttri atvinnustarfsemi.

Þetta kom fram í gær þegar Viðreisn kynnti helstu áherslur sínar í kosningabaráttunni. Flokkurinn leggur ríka áherslu á að greitt sé sanngjarnt endurgjald fyrir nýtingu á fiskveiðiauðlindinni enda sé fiskurinn innan efnahagslögsögunnar þjóðarauðlind og eign íslenska ríkisins. Viðreisn vill tryggja sátt um sjávarútveginn til framtíðar en flokkurinn hefur talað fyrir svokallaðri markaðsleið í sjávarútvegi sem kæmi í staðinn fyrir veiðileyfagjaldið. Hún felst í uppboði á aflaheimildunum.

Forystufólk Viðreisnar áætlar að tekjur af uppboðum muni nema 15-20 milljörðum króna á ári hverju. **– þþ**

# Kennsla fellur niður í VR-1

**BRUNI** Eldur kom upp í VR-1, einni bygginga Háskóla Íslands, aðfaranótt sunnudags. Í framhaldinu hefur Raunvísindadeild aflýst allri kennslu sem fram átti að fara í húsinu í dag. Fulltrúar deildarinnar munu meta stöðuna og senda út frekari tilkynningar.

Slökkviliðið náði mjög fljótt tökum á eldinum sem var í rými á annarri hæð hússins. Í húsinu, sem var mannlaust þegar eldurinn kom upp, fer meðal annars fram kennsla í efnafræði. Eldfim og hættuleg efni eru í sérútbúnum efnageymslum í húsinu þar sem fylgt er mjög ströngum öryggiskröfum. **– jhh**

# Línur lagðar fyrir næsta kjörtímabil



**„Það er mín sannfæring að það sé heilmikill samhljómur milli þessara flokka og að þar sé miklu fleira sem sameini en sundri," segir Katrín Jakobsdóttir, formaður VG. Stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþingi funduðu í gær um mögulegt samstarf að loknum kosningum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# 143 milljónir í Vinnudeilusjóð

**KJARAMÁL** Vinnudeilusjóður Alþýðusambands Íslands mun að öllum líkindum stækka um 143 milljónir króna. Tillaga þess efnis liggur fyrir þingi ASÍ en það fer fram dagana 26.-28. október.

Árið 2008 voru ákvæði um sjóðinn felld úr lögum sambandsins og síðan þá þarf að samþykkja sérstaklega að auka fé í honum. Það hefur hingað til ekki verið gert. Áður runnu 3,7 prósent af tekjum ASÍ í sjóðinn. Fyrir eru rúmlega 200 milljónir í sjóðnum.

Endurskoðunarákvæði er að finna í kjarasamningum og verður það virkt í febrúar á komandi ári. Í greinargerð með tillögunni segir að í ljósi þeirrar miklu óvissu sem er um stöðu kjaramála á næstu misserum sé lagt til að leggja 143 milljónir af óráðstöfuðu eigin fé ASÍ í sjóðinn.

Gylfi Arnbjörnsson, formaður ASÍ, vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað. **– jóe**




# Ástandið eldfimt hjá slökkviliði Laugagerðis

**Slökkviliðið í Laugagerði er ekki útkallshæft vegna gamalla tækja og tóla. Slökkviliðsstjóri segir slökkviliðsbílinn vera jeppagarm og ítrekar enn á ný við sveitarstjórnarmenn að gera eitthvað í málunum. Að gera ekki neitt sé ekki í boði.**

**ELDVARNIR** Slökkvilið í Laugagerði er ekki útkallshæft vegna úr sér gengins búnaðar og tækjakosts. Bjarni Kristinn Þorsteinsson, slökkviliðsstjóri Borgarbyggðar, sendi bæjarráði Borgarbyggðar harðort bréf um búnað og tækjakost. Þar segir hann að Chevroletbíll slökkviliðsins sé nálægt fertugu, ekki sé hægt að treysta honum til stórræða enda bili bíllinn í tíma og ótíma og geti ekki borið vatn, sem sé forsenda þess að koma í veg fyrir stórbruna. Þá er hann mjög sjúskaður og í raun sé slökkviliðsbíllinn bara stór jeppi sem sé ekkert annað en útkeyrður löggubíll, eins og hann orðar það.

Búnaðurinn hafi verið aflagður enda gamall og ekki hægt að halda honum við. „Í dag er í áðurnefndum jeppagarmi nýleg og öflug brunadæla ásamt viðeigandi búnaði og er þá getan upptalin," segir Bjarni.

Hann hafði engu við bréfið að bæta þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans en sagði að verið væri að vinna að farsælli lausn á málinu.

Þjónustusamningur er í gildi milli sveitarfélaganna Borgarbyggðar og Eyja- og Miklaholtshrepps um þjónustu þess fyrrnefnda við Eyja- og Miklaholtshrepp varðandi brunavarnir og þjónustu slökkviliðs ef eldur kviknar.

Bjarni rekur í bréfinu að landsvæðið sé víða mjög örðugt til vatnsöflunar til slökkvistarfa og sums staðar sé alls ekkert vatn að fá. Hann nefnir einnig uppbygginguna sem hefur orðið

> **Að gera ekki neitt í þessum málum er ekki í boði lengur. Ykkar er valið og ákvörðunartakan.**
>
> Bjarni Kristinn Þorsteinsson, slökkviliðsstjóri Borgarbyggðar



í Eyja- og Miklaholtshreppi vegna gistingar, ferðaþjónustu, hestamennsku og ýmiss konar afþreyingar. Þá bendir hann á umfang atvinnustarfsemi á bænum Miðhrauni varðandi þurrkun á þorskhausum og skyldum afurðum til útflutnings.

Þetta er ekki fyrsta bréfið sem Bjarni sendir sveitarstjórnamönnum. „Í áranna rás hefur slökkviliðsstjóri margítrekað, bréflega og með öðrum hætti sem hægt er að færa sönnur á, og reynt að vekja athygli þeirra sveitarstjórnarmanna sem málum hafa ráðið hjá Borgarbyggð á því ófremdarástandi sem er og hefur verið á tækjakosti slökkviliðsins í Laugagerði og bent á leiðir til úrbóta í þeim efnum en allt hefur komið fyrir ekki. Ekki hefur einu sinni verið haft fyrir því að svara erindum þessum bréflega sem mig undrar mjög," segir Bjarni í bréfinu.

Hann leggur fram tvær tillögur til úrbóta. „Strax verði hafist handa við það að koma upp þokkalega góðum bíl sem gæti flutt með sér 7-8.000 lítra af vatni ásamt nauðsynlegum búnaði. Seinni kosturinn sem er í boði er sá að sveitarstjórnarmenn í Borgarbyggð taki upplýsta ákvörðun og þá í samráði við hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps um að leggja slökkvistöðina í Laugagerði niður og vera ekki með neinn búnað þar en þess í stað að þjónustan komi frá Borgarnesi um langan veg." Hann endar bréfið með því að hnykkja á: „Að gera ekki neitt í þessum málum er ekki í boði lengur. Ykkar er valið og ákvörðunartakan!"

**benediktboas@frettabladid.is**



**Chevrolet C-20 bifreið árgerð 1970, svipuð þeirri sem slökkviliðið í Laugagerði notast við. Slökkviliðsstjórinn segir bílnum ekki treystandi til stórræða enda bili hann í tíma og ótíma.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Við erum svo aldeilis gígabit!

## Ljósleiðari hjá Nova!

**100GB**

| | |
|---|---|
| **Netið hjá Nova** | **3.990 kr.** |
| Aðgangsgjald 500 Mb/s | 2.680 kr. |
| Leiga á beini | 690 kr. |
| **Samtals:** | **7.360 kr.** |
| Hver 100GB umfram | 990 kr. |

**1.000GB**

| | |
|---|---|
| **Netið hjá Nova** | **5.990 kr.** |
| Aðgangsgjald 500 Mb/s | 2.680 kr. |
| Leiga á beini | 690 kr. |
| **Samtals:** | **9.360 kr.** |
| Hver 100GB umfram | 990 kr. |

Ljósleiðari hjá Nova styður 1.000 Mb/s hraða sem er mesti hraði í heimatengingum á Íslandi.

**Fáðu ljósleiðara hjá Nova og lækkaðu netreikninginn.**

Við bjóðum 1.000 Mb/s hraða á sama verði og 500 Mb/s hraða út árið!

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

Aðgangsgjald: 1.000 Mb/s hraði á 3.180 kr. en á sama verði og 500 Mb/s til 1. jan 2017.

**Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is**

**Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri**

NOVA

# Bakþankar Norðmanna kosta Vegagerðina 600 milljónir króna

**SAMGÖNGUR** Vegagerðin liggur nú yfir tilboðum í smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju, en norskt fyrirtæki sem átti upphaflega lægsta tilboðið í smíði ferjunnar dró tilboð sitt til baka. Áhrif þessa eru þau að kostnaður við smíðina verður nokkru hærri en áætlað var út frá lægstu tilboðum en tefur verkið ekki. Lægstu tilboðin hljóðuðu upp á 2,6 til 2,7 milljarða króna en það tilboð sem nú er talið vænlegast er upp á 3,2 milljarða króna. Upphaflega voru tilboð í nýja ferju opnuð um miðjan september og voru þau lægstu heilum 800 milljónum undir kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar sem var um 3,5 milljarðar króna. Norska fyrirtækið Moskenesstraumen AS átti annað af lægstu tilboðunum en dró það til baka án þess að gefa fyrir því sérstakar ástæður.

Annars vegar lutu tilboðin að smíði ferjunnar eingöngu en hins vegar að smíði hennar og rekstri til tólf ára. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni voru öll tilboð um smíði og rekstur óaðgengileg og þau hafa verið lögð til hliðar.

Vegagerðin staðfestir að litið sé til tilboðs pólsks fyrirtækis – skipasmíðastöðvarinnar Crist SA – sem var það fimmta lægsta. Kínverskt fyrirtæki átti mun lægra tilboð – áþekkt því norska – en þegar tekinn hafði verið með í reikninginn fjarlægðarkostnaður, eftirlit og að koma skipinu til Íslands þá voru önnur tilboð hagstæðari.

Munurinn á tilboði pólska fyrirtækisins og því lægsta er um 600 milljónir króna. Þegar það lá fyrir að norska fyrirtækið, sem átti hagstæðasta tilboðið, hafði fallið frá því á síðustu stundu var farin ferð út til að skoða pólsku skipasmíðastöðina til að meta tilboð fyrirtækisins til fullnustu. – **shá**



**Smíði ferjunnar mun hefjast innan tíðar að öllu óbreyttu.** MYND/VEGAGERÐIN

# Risakaup ársins á Time Warner

Fjarskiptarisinn AT&T kaupir Time Warner. Ólafur Jóhann Ólafsson segir viðskiptin rökrétt skref til að mæta breyttu neyslumynstri í fjölmiðlun. Heildarvirði Time Warner 13 þúsund milljarðar í viðskiptunum.

**VIÐSKIPTI** Bandaríski fjarskiptarisinn AT&T og Time Warner hafa gert með sér samkomulag um kaup fyrrnefnda fyrirtækisins á því síðarnefnda. Heildarvirði Time Warner í þessum viðskiptum er 110 milljarðar dollara eða tæplega 13 þúsund milljarðar króna. Samkvæmt samningnum er virði eiginfjár Time Warner 85 milljarðar dollara eða um tíu þúsund milljarðar króna. Þetta eru stærstu viðskipti ársins ef af verður, en þau eru háð samþykki stjórnvalda í Bandaríkjunum

Ólafur Jóhann Ólafsson, aðstoðarforstjóri Time Warner, segir þessi viðskipti í takti við breytingar á neysluvenjum í fjölmiðlun og afþreyingariðnaði. „Við sjáum breytingarnar á því hvernig fólk nálgast efni og það kallar á að sníða þjónustu að þörfum hvers og eins,“ segir Ólafur Jóhann í samtali við Fréttablaðið. Sambærileg þróun er annars staðar og er skemmst að minnast viðræðna Vodafone við 365 um kaup á hluta af starfsemi 365. Ólafur Jóhann segir fyrirséð að fólk muni nálgast sjónvarpsefni og kvikmyndir á mun fjölbreyttari hátt en áður.

**Góð viðskipti fyrir hluthafa**

Ólafur segir AT&T ekki einungis stærsta í dreifingu sjónvarps í Bandaríkjunum, heldur einnig í breiðbandi og farsímaþjónustu. Ólafur Jóhann, sem er ábyrgur fyrir stefnu og fjárfestingum Time Warner á alþjóðavísu, segir fyrirtækið hafa unnið að því að koma efni beint til neytenda. „Hér er verið að sameina stærsta dreifingarfyrirtækið og það sem við viljum meina að sé öflugasta fjölmiðlunarfyrirtækið.“ Meðal fyrirtækja sem heyra undir Time Warner eru fréttaveitan CNN, sjónvarpsstöðin og framleiðslufyrirtækið HBO og kvikmyndaframleiðandinn Warner Bros. Ólafur Jóhann segir ekki margar efnisveitur í heiminum bjóða upp á jafn mikið af gæðaefni. „Það hefur verið stefna okkar undanfarin ár að fjárfesta í gæðum í framleiðslu efnis og með því laða til okkar sköpunarkraft sem fylgir mesta hæfileikafólkinu.“







**Risasamruni. AT&T kaupir Time Warner fyrir 13 þúsund milljarða króna. Ólafur Jóhann Ólafsson, aðstoðarforstjóri Time Warner, mun áfram starfa fyrir samsteypuna.**

Verð á hlut er 107,5 dollarar en bréfin stóðu í 79 dollurum þegar tilkynnt var um að fyrirtækin stefndu að sameiningu. „Þetta eru afskaplega góð viðskipti fyrir hluthafa okkar og við vinnum fyrir þá,“ segir Ólafur Jóhann og bendir á að fyrirtæki af þessari stærðargráðu séu í mjög dreifðri eign sjóða og einstaklinga.

Um er að ræða yfirtöku AT&T á Time Warner, en Ólafur Jóhann segir að hann reikni ekki með breytingum á sínum högum í kjölfarið. „Ég get upplýst það að ég hef skuldbundið mig til þess að vera áfram, en hvað það þýðir í árum er of snemmt að segja. Það er vilji okkar megin að þetta gangi vel og stjórnendur einhuga um að leggja sitt af mörkum til að tryggja að svo verði.“



**Ólafur Jóhann Ólafsson**

Samruni félaganna er háður samþykki yfirvalda og reiknar Ólafur Jóhann með því að það muni taka nokkurn tíma að ganga endanlega frá samrunanum. Reiknað er með því að það geti tekið út næsta ár.

Efasemdir hafa verið um slíka samþjöppun á fjölmiðlamarkaði, en Ólafur Jóhann segir að það sé mikilvægt fyrir lýðræðið að til séu öflugir, sjálfstæðir og faglegir fjölmiðlar eins og CNN, þar sem mikið sé af fréttaefni á netinu sem ekki lúti slíkri faglegri stjórn. Meðal þeirra sem gagnrýnt hafa þennan samruna er Donald Trump, forsetaframbjóðandi Repúblikana, en hann telur á sig hallað í fjölmiðlum. „Donald Trump var ekki hrifinn, svona ef einhver þarf staðfestingu á því að þetta sé góð hugmynd.“

**haflidi@frettabladidi.is**



**Skoðanakannanir benda til þess að Clinton muni bera sigurorð af Trump.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Hættir að svara Donald Trump

**BANDARÍKIN** Hillary Clinton, forsetaframbjóðandi Demókrata, segir að það skipti ekki lengur máli hvað helsti keppinautur hennar, Donald Trump, segir. Héðan í frá muni hún einblína á málefnin en ekki manninn.

Kapphlaupið um Hvíta húsið hefur hingað til snúist að stórum hluta um ýmsar ásakanir í tengslum við persónu og sögu frambjóðenda. Nú ætlar Clinton að láta af slíkum leikjum.

„Kappræður okkar hafa varað á fimmtu klukkustund. Héðan í frá dettur mér ekki í hug að svara honum,“ sagði Clinton við blaðamenn í Gettysburg.

Fjórtán dagar eru þar til Bandaríkjamenn kjósa sér forseta. – **jóe**

## Verðmæt mynt sett í umferð

**BANDARÍKIN** Ally Bank í Bandaríkjunum hefur hrint af stað átaki til að fá fólk til að hugsa betur um smámyntir sem verða á vegi þess. Bankinn hefur sett í dreifingu hundrað fölsk penní en finnendur þeirra geta skilað þeim í bankann og fengið þúsund dollara, ríflega 115 þúsund krónur, að launum.

Peningarnir verða koparlitaðir líkt og hið venjulega penní en í stað andlits Abrahams Lincoln verður þar að finna merki bankans.

Myntirnar hafa verið settar í umferð í mörgum af stærstu borgum Bandaríkjanna. – **jóe**


HAFIÐ 10 ára FISKVERSLUN

Fiskréttur vikunnar

24. - 31. október



Líbönsk langa

★1.890 kr. kg.

HAFIÐ FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13

Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | facebook




Peugeot 2008 er draumabíll þeirra sem vilja glæsilegan og sportlegan bíl sem hentar fjölbreyttum aðstæðum. Útlínurnar eru mjúkar og ásýndin falleg. Peugeot 2008 er einnig mjög praktískur. Farangursrýmið er stærra en í mörgum sambærilegum bílum. Veghæðin er mikil, eða 16,5 cm undir lægsta punkt. Innstigið er þægilegt því þú situr hærra. Hann er fimm dyra og fáanlegur beinskiptur eða sjálfskiptur með margverðlaunuðum Puretech vélum.

## NÝR PEUGEOT 2008

Verð frá 2.690.000 kr.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

## Gengu fyrir sameiningu



Tveir sameiningarsinnar horfast í augu í göngu í Búkarest, höfuðborg Rúmeníu. Um 3.000 manns gengu til að krefjast þess að Moldóva og Rúmenía sameinist. Moldóva, sem þá hét Bessarabía, var klofin frá Rúmeníu á tímum síðari heimsstyrjaldar og varð partur af Sovétríkjunum. Ríkið er hið allra fátækasta í Evrópu. Þar búa um þrjár milljónir manna en stór hluti þeirra er af rúmenskum ættum og með rúmenskt ríkisfang. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Að sögn bæjarfulltrúa var þessi leið farin þar sem enginn viðburður tengdur deginum er á döfinni í bænum.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ísafjarðarbær gefur ekki frí

**ÍSAFJÖRÐUR** Ísafjarðarbær gefur hvorki frí né mælist til þess að konur leggi niður störf á kvennafrídeginum. Bærinn biður hins vegar forstöðumenn og íbúa að vera viðbúna því að konur hverfi af vinnustöðum sínum í dag klukkan 14.38.

Í kjölfar fyrirspurnar frá forstöðumönnum í sveitarfélaginu sendi bærinn frá sér yfirlýsingu. Þar kemur fram að tilgangur dagsins sé ekki að fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög gefi frí heldur það að konur leggi niður störf. Ísafjarðarbær mun síðan „að sjálfsögðu ekki“ skerða laun þeirra starfsmanna sem kjósa að ganga út í dag.

Í umræðum á Facebook segja tveir bæjarfulltrúar Í-listans að ákveðið hafi verið að fara þessa leið þar sem enginn viðburður tengdur deginum er í sveitarfélaginu. Útrýming kynbundins launamunar verði síðan til umræðu á bæjarráðsfundi í dag. – jóe

# Fjórir kílómetrar í næsta strætóskýli

**Hælisleitendur í Hafnarfirði bíða enn eftir að úrræði Útlendingastofnunar í Víðinesi á Kjalarnesi verði klárt. Stefnt er að flutningum síðar í þessari viku. Hælisleitendurnir hafa lifað með veggjalús í tvær vikur. Fötin eru fryst og gert ráð fyrir tveggja daga inniveru.**

**FLÓTTAMENN** Hælisleitendurnir í gistiskýlinu við Bæjarhraun í Hafnarfirði bíða enn eftir því að húsnæði Útlendingastofnunar í Víðinesi á Kjalarnesi verði tilbúið til innflutnings. Veggjalús hefur herjað á fólkið í tvær vikur. Bit lúsarinnar valda útbrotum en hún skríður fram í skjóli nætur og nærist á blóði manna.

Stefnt er að því flytja hælisleitendurna inn í Víðines síðar í þessari viku. Víðines er mjög afskekkt en ganga þarf rúmlega fjóra kílómetra að næsta strætóskýli og svipaða vegalengd í næstu verslun. Áætlað er að Útlendingastofnun sinni samgöngum, eins og hún hefur gert í gistiskýlinu á Arnarholti á Kjalarnesi, en hælisleitendum bjóðast tvær ferðir á dag frá gistiskýlinu að strætóskýlinu.



**Áshildur Linnet, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum.**

„Það þarf að frysta öll fötin þeirra og þau þurfa að vera í frosti í að minnsta kosti tvo sólarhringa til að drepa lúsina. Við hjá Rauða krossinum stöndum nú í fatasöfnun fyrir fólkið. En vegna þess að þetta er neyðaraðgerð þá getum við ekki útvegað allan útivistarfatnað fyrir börn og aðra. Þannig að þetta verða kannski tveir dagar af inniveru,“ segir Áshildur Linnet, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum. Rauði krossinn vinnur að því að útvega spil og leikföng handa börnunum til þess að stytta þeim stundir á meðan þau dvelja í Víðinesi.

Þórhildur Ósk Hagalín, upplýsingafulltrúi Útlendingastofnunar, segir ekki ljóst hvenær hægt verði að flytja inn í gistiskýlið Víðines. Unnið er að undirbúningi hússins og stefnt er að flutningum í þessari viku. „Mikilvægt er að vel sé staðið að flutningunum til þess að útiloka að lúsin berist með í Víðines,“ segir Þórhildur.

thorgeirh@frettabladid.is



**Víðines á Kjalarnesi verður nýtt til að hýsa hælisleitendur.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






Fyrirtæki sem mismuna fólki í launum eftir kynferði brjóta lög, sóa verðmætum og standa sig verr í samkeppni á markaði. Það er mikilvægt að stjórnendur haldi vöku sinni og mismuni ekki starfsfólki af gáleysi heldur nýti krafta allra jafnt.

Kynbundinn launamunur á sér margar ástæður og verður ekki upprættur með lögum eða reglugerðum. Viðhorfsbreytingar er þörf á fjölmörgum sviðum. Karlar og konur þurfa að bera jafna ábyrgð á heimilinu. Foreldrar, skólakerfið og samfélagið allt þarf að stuðla að breytingum á náms- og starfsvali ungmenna til að brjóta upp kynskiptan íslenskan vinnumarkað.

Stjórnendur og starfsfólk geta lagt sitt af mörkum til þess að börnin okkar þekki ekki hugtakið *kynbundinn launamun* þegar þau koma út á vinnumarkaðinn.

**Vinnum saman.**

www.sa.is

SA
SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS

# Skiptaverð og fiskverð á markaði ekki sambærilegt

**SJÁVARÚTVEGUR** Ekki er munur á verði afla eftir því hvort hann fer á markað eða fer beint inn í vinnslu. Þetta er mat Heiðrúnar Lindar Marteinsdóttur, framkvæmdastjóra SFS. Hún segir einnig langtímasamninga útgerða við áhafnir eigin skipa og stundarviðskipti á uppboðsmarkaði ekki sambærileg.


**Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS.**

Fréttablaðið greindi frá því fyrir helgi að mikill munur væri á verði fisks eftir því hvort hann færi beint frá skipi inn í eigin fiskverkun útgerðar. „Sú reikniformúla sem við er miðað samkvæmt kjarasamningi á að leiða til sambærilegs verðs þegar kemur að skiptaverði annars vegar og verði á markaði hins vegar. Sveiflur geta þó orðið á þessu frá einum tíma til annars og ekki er algilt að skiptaverð sé lægra en verð á uppboðsmarkaði, líkt og haldið hefur verið fram í umræðu liðinna daga. Þá eru viðskipti á grundvelli langtímasamninga annars vegar og stundarviðskipti á uppboðsmarkaði hins vegar ekki sambærileg,“ segir Heiðrún Lind.

Heiðrún segir mikilvægt að hafa í huga að fiskur sé ferskvara og að markaðir séu kröfuharðir. „Ferli frá veiðum til afhendingar verður því að ganga hratt og vel fyrir sig.“ **– sa**





Íbúar flýja frá þorpinu Bajwaniyah, sem er um 30 kílómetra suður af Mosúl, en íraskir hermenn halda til þorpsins sem þeir náðu úr höndum Daish-liða í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

# Hálfri milljón barna stefnt í hættu í Mosúl

**Átökin um Mosúl næstu vikurnar munu bitna á börnum og fjölskyldum þeirra, sem teknar eru að flýja borgina og leita skjóls í flóttamannabúðum.**

**ÍRAK** Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, segir að meira en hálf milljón barna og fjölskyldur þeirra í Mosúl verði í mikilli hættu næstu vikurnar vegna hernaðaraðgerða íraksks hersins og hersveita Kúrda.

Hersveitirnar hófu í byrjun vikunnar sókn gegn vígasveitum Daish-samtakanna, sem nefna sig Íslamskt ríki og hafa haft Mosúl á sínu valdi í rúmlega tvö ár.

Fjöldi barna hefur nú þegar flúið borgina og óttast er að mörg þeirra geti orðið innlyksa á svæðinu eða orðið fyrir árásum.

Starfsfólk UNICEF kom í vikunni til bæjarins Al Houd, sem er skammt frá Mosúl. Þar hittu þau konu að nafni Zainab sem var þar með fjórum dætrum sínum. Hún sagðist vilja komast aftur heim til sín, til fjölskyldunnar og geta sent börnin sín þar í skóla.

Þegar vígasveitir Daish-samtakanna náðu bænum á sitt vald fyrir tveimur árum lögðu þau undir sig hús fjölskyldu hennar. Hún þurfti að flytja til ættingja sinna og var aldrei örugg um líf sitt.

„Við vorum hrædd, svöng og þurfandi allan tímann,“ sagði hún við starfsfólk UNICEF. Hún óttaðist sérstaklega um dætur sínar fjórar, því vígamennirnir tóku fjölmargar stúlkur frá fjölskyldum sínum.

„Sonur minn er sex ára svo hann var ekki tekinn, en eldri drengir voru teknir í bardagasveitir eða settir í þjálfun til að verða uppljóstrarar fyrir aðila átakanna,“ sagði hún.


Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, heldur uppi kennslu fyrir börn í Debagabúðunum, þar sem þrír skólar eru í smíðum og geta þeir samtals veitt um tvö þúsund börnum aðgang að menntun. MYND/UNICEF

UNICEF hefur, rétt eins og fleiri hjálparsamtök og alþjóðastofnanir, skorað á alla aðila átakanna að virða alþjóðalög og vernda börn.

„Genfarsamningarnir og viðbætur við þá kveða skýrt á um að aðilar átaka skuli til dæmis gera greinarmun á almenningi og hermönnum,“ segir í tilkynningu frá UNICEF, „og þeir skulu beina aðgerðum sínum að hernaðarlegum skotmörkum eingöngu. Bannað er að skjóta á skóla, sjúkrahús, leikskóla og leikvelli.“ **gudsteinn@frettabladid.is**




SUZUKI
Way of Life!
NÝR BALENO!
KYNNUM NÝJAN TÍMAMÓTA BALENO
ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA HANN
VERÐ FRÁ KR.
2.460.000
BALENO
SAMRUNI RÝMIS OG HÖNNUNAR
NÝR VALKOSTUR!
SUZUKI BALENO
MILD HYBRID
BALENO setur ný viðmið í nýtingu rýmis.
Hann hefur mesta innra-og farangursrými í sínum flokki og er um leið sérlega vel hannaður og glæsilegur ... samruni hönnunar og rýmis.
Við kynnum nú í fyrsta sinn Suzuki Baleno með MILD HYBRID vél, ásamt tveimur sparneytnum bensínvélum, 1,0 Booster Jet og 1250 dual Jet.
Meðal eyðsla frá 4,0 l/100km.
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Órekjanlegt hvaðan regnbogi úr eldi kemur

**Allur regnbogasilungur sem hér er alinn í sjókvíum kemur frá sömu seiðaeldisstöðinni í Danmörku. Því er ekki hægt að rekja slysasleppingar til einstakra eldisfyrirtækja miðað við þá þekkingu sem fyrir liggur um eldið. Sérfræðingur setur stórt spurningarmerki við leyfisveitingar í sjókvíaeldi.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Miðað við stöðu þekkingar er afar erfitt að rekja hvaðan regnbogasilungur, sem sleppur úr sjókvíum hér við land, kemur. Allur regnbogi sem hér er alinn kemur frá sama seiðaeldisfyrirtækinu í Danmörku – og því allur að upplagi skyldur. Ekki hefur farið fram vinna við að greina erfðafræði þeirra né að finna þann mun sem getur verið á milli stöðva eða ára. Ekki eru heldur gerðar kröfur um merkingar. Þrátt fyrir að regnbogasilungur hafi veiðst í tugum veiðivatna í sumar hafa engar upplýsingar borist eftirlitsaðilum sem gætu skýrt hversu víða fiskurinn hefur dreift sér.

Regnbogasilungur úr sjókvíaeldi hefur gengið í veiðiár í öllum landsfjórðungum í sumar. Eftirlitsmaður Fiskistofu staðfesti í september að regnbogasilung var að finna um alla Vestfirði.

Næstu daga og vikur bárust fregnir af þessum eldisfiski úr öllum landsfjórðungum – veiddum í rúmlega 30 ám. Það er lögboðin skylda rekstraraðila að tilkynna um slysasleppingu úr sjókvíaeldi, en enn hefur engin tilkynning um slysasleppingu á Vestfjörðum borist þar sem tvö fyrirtæki ala regnbogasilung í Önundarfirði, í Dýrafirði, Tálknafirði og Ísafjarðardjúpi. Í júní fékk Fiskistofa hins vegar staðfestingu á því frá Fiskeldi Austfjarða að regnbogasilungur hefði sloppið úr sjókví fyrirtækisins í Berufirði.

Strax í kjölfar þess að staðfest var að eldisfisk væri að finna í ám um alla Vestfirði fór Fiskistofa þess á leit við Hafrannsóknastofnun að kanna hvort hægt væri að ráða í hvaðan sleppifiskurinn er kominn. Þar sem það er ekki mögulegt á grundvelli erfðafræði að sjá hvaðan silungurinn kemur, öfugt við eldislax, var óskað eftir að vöxtur fisksins væri skoðaður í þessu augnamiði ásamt fleiru. Þótt hægt sé að lesa í ákveðna þætti í lífssögu fiska með greiningu hreistursýna eru ekki til sýni af fiskum í eldi til samanburðar. Því er miklum annmörkum háð að greina uppruna út frá hreisturmynstri.

> **Mér finnst því ábyrgðarhluti að veita mikið af leyfum til fiskeldis hér á landi ef umhverfisáhrifin eru ekki þekkt.**
>
> Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun



Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun, staðfestir að allur regnbogasilungur hafi í seinni tíð verið fluttur inn frá Danmörku. „Erfðaefni hans er, eftir því sem við best vitum, ekki kortlagt og því ekki hægt að rekja fiska til uppruna. Við höfum hins vegar tekið erfðasýni sem eru til af þeim regnbogum sem hafa borist til okkar en þau hafa ekki verið greind. Þeir fiskar sem við höfum séð í sumar hafa allir verið hrygnur og eftir því sem ég best veit eru það fiskar sem hafa verið þrýstimeðhöndlaðir á hrognastigi og því geldir og hrygnugerðir," segir Guðni en bætir við



Hafrannsóknastofnun hefur fregnir og/eða myndir af regnboga úr 25 ám/vatnakerfum og sýni úr níu ám – alls 39 fiskar. Þessir fiskar voru veiddir í ám á Vestfjörðum. MYND/HAFRÓ



Eldi á laxi og regnbogasilungi í sjókvíum við Ísland er afar umdeilt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN



## Regnbogi alinn í úreltum kvíum



Gísli Jónsson, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun, segir að í dag sé gerð sú krafa að að minnsta kosti tíu prósent af öllum laxi sem fer í sjókvíar séu merkt. Hugsunin á bak við það er að auðvelda mönnum að þekkja eldislax frá öðrum fiski. „En síðan erum við með lífsýni úr öllum foreldrum og vitum nákvæmlega hvaða fjölskyldur fara hvert í sjókvíar þannig að auðvelt ætti að vera að rekja slíkan strokufisk til heimakvíar. Slíka útvortis merkingu þurfum við auðvitað ekki með regnboga, það sjá allir um hvers kyns fisk er að ræða,“ segir Gísli.

Gísli segir það ekki hafa verið á dagskrá að merkja regnbogasilung í sjókvíaeldi, það yrði þá að vera með einhvers konar örmerkjum. „En til að gera langa sögu stutta þá er nánast allur regnbogi á leiðinni út úr íslensku fiskeldi og því þurfum við ekki að hafa miklar áhyggjur af því á næstu árum. Það hafa ekki verið flutt inn hrogn svo neinu nemi núna í tæp tvö ár og eftir standa einhverjir litlir framleiðendur. Það gleðilega er að með regnboganum hverfur líka eldri og úreltur sjókvíabúnaður sem að mörgu leyti er barn síns tíma. Við taka mjög öflug mannvirki í takt við laga- og reglugerðarbreytingar sem voru gerðar hér heima vorið 2014. Öll ný leyfi þurfa að uppfylla nýja staðalinn um styrkleika og útbúnað kvíanna sem er hið besta mál,“ segir Gísli.

að jafnframt sé bagalegt ef mikið kemur fram af eldisfiski sem enginn kannast við að hafa misst.

„Þá má álykta að eitthvað sé að hjá eldisaðilum og/eða eftirlitsstofnunum. Okkur sem höfum þurft að gefa umsagnir vegna umhverfismata finnst verulega vanta upp á aðgengilegar upplýsingar um fiskeldi. Það er nauðsynlegt að byggja á hlutlægum upplýsingum. Eldi er búið að vera það lengi í þriðju fiskeldisbylgju að reynsla er að koma fram. Fiskar eru að sleppa úr eldi sem er í samræmi við reynslu annars staðar, það er ljóst. Á sama tíma er verið að fara fram á leyfi til að auka eldið til muna. Mér finnst því ábyrgðarhluti að veita mikið af leyfum til fiskeldis hér á landi ef umhverfisáhrifin eru ekki þekkt,“ segir Guðni.

„Tilgangurinn með umhverfismati er að draga fram áhrif framkvæmda. Ef þekkingu skortir er rétt að farið sé hægt við útgáfu leyfa fyrr en það er nokkuð ljóst hvaða áhrif framkvæmdir hafa m.a. verðandi umhverfisáhrif. Þegar er búið að gefa út leyfi til fiskeldis sem eru mörgum sinnum meiri en framleiðslan er, ætti ekki að standa fyrir vexti í viðkomandi atvinnugrein þótt farið sé hægt í útgáfu leyfa,“ segir Guðni.

# Tilkynna ekki þótt ofbeldið sé gróft




**Mikil vitundarvakning hefur orðið varðandi kynferðisbrot síðastliðin ár. Þrátt fyrir það eru aðeins tíu prósent brota tilkynnt til lögreglu og þar af enda um fimm prósent með sakfellingu fyrir dómi. Druslugangan er gengin árlega til að berjast gegn kynferðisofbeldi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**SAMFÉLAG** Tvö prósent aðspurðra í nýrri könnun lögreglunnar segjast hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi árið 2015. Þrettán prósent þeirra segja að um nauðgun hafi verið að ræða eða sex af þeim 2.544 sem svöruðu könnuninni.

Rannsóknin er unnin af Gallup fyrir embætti ríkislögreglustjóra og lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Úrtakið var 4.000 manns, átján ára og eldri, þar sem helmingur var búsettur á höfuðborgarsvæðinu og helmingur á landsbyggðinni.

Fréttablaðið birti á föstudag útreikninga sína á fjölda nauðgunarmála á Íslandi árið 2014. Útreikningar blaðsins gerðu ráð fyrir því að tíu prósent nauðgunarmála væru kærð til lögreglu og reiknaði út að 1.300 nauðganir hefðu átt sér stað árið 2014. 131 nauðgun var tilkynnt til lögreglu um land allt það ár.

Rannsókn lögreglunnar sýnir fram á sömu niðurstöður. Tíu prósent þátttakenda sem sögðust hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi árið 2015 tilkynntu málið til lögreglu. Athygli vekur að nærri 39 prósent þeirra sem orðið höfðu fyrir annars konar ofbeldi tilkynntu um málið til lögreglu. Konur voru líklegri en karlar til að tilkynna kynferðisbrot en ólíklegri til að tilkynna ofbeldisbrot gegn sér.

Rannsókn lögreglunnar er árleg og þetta er í sjöunda sinn sem hún er gerð. Hægur stígandi hefur orðið í fjölda kynferðisbrota á síðastliðnum árum en 1,2 prósent svöruðu því játandi að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi árið 2013.

Í ár var lögð ný spurning fyrir þolendur þar sem spurt var hversu alvarlegt þeim þótti brotið. 47 prósent þeirra sem sögðust hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi sögðu brotið ekki mjög alvarlegt, en 52 prósent sögðu brotið annaðhvort nokkuð alvarlegt eða mjög alvarlegt. Í skýrslunni er vakin athygli á því að sautján prósent þolenda kynferðisofbeldis mátu brotið mjög alvarlegt þrátt fyrir að aðeins tíu prósent hefðu tilkynnt það til lögreglu. Ef tölurnar eru bornar saman við þá sem höfðu orðið fyrir annars konar ofbeldi sést að mun hærra hlutfall áleit það ofbeldi nokkuð eða mjög alvarlegt eða sjötíu prósent.

Í Fréttablaðinu á föstudag var rætt við Maríu Rut Kristinsdóttur, formann samráðshóps innanríkisráðuneytisins um meðferð kynferðisbrotamála. Hópurinn hefur skilað af sér aðgerðaáætlun til fjögurra ára í málaflokknum sem gerð verður opinber fyrir árslok. „Auðvitað miða allar þessar aðgerðir að því að gera kerfið betra og auka traust fólks á kerfinu svo það komi og leiti inn í kerfið þegar brotið hefur verið á því,“ sagði María Rut. **– ss**

**52%**

**sögðu kynferðisofbeldið nokkuð eða mjög alvarlegt.**

**» Rannsókn lögreglunnar er árleg og þetta er í sjöunda sinn sem hún er gerð.**



# Vinaskipan



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Einir fimm dagar til kosninga. Þá er runnin upp vika sem er oftar en ekki sérstök vika í lífi Íslendinga og þá sérstaklega þeirra sem tengjast stjórnsýslu lands og þjóðar með einum eða öðrum hætti. Ástæðan er sú að lengi hefur það verið ástundað í íslenskri pólitík að ráðamenn nýti þessa síðustu daga fram að kosningum til þess að koma oft stórundarlegum, en að sama skapi vanhugsuðum og misvel undirbúnum, málum í gegnum kerfið með alls konar tilskipunum og tilfærslum.

Innan heimilda og á meðal ábyrgðar sem ráðherrum er falin er að skipa nefndir, ráð og stjórnir. Afleiðingin er að aðstoðarmenn og -konur eru skipuð í nefndir, ráð og stjórnir en öðrum sparkað út án minnsta fyrirvara. Þetta kannast flestir við en eitthvað færri vilja skoða þær afleiðingar sem þetta getur haft fyrir fagmennskuna í íslenskri stjórnsýslu. Oft er þetta efalítið vandað og gott fólk sem tekur við slíkum stjórnskipunarbitlingum í nefndir, ráð og stjórnir. En öfugt við það sem ráðamennirnir vilja halda fram þá hefur það ekkert með þetta að gera. Markmiðið á nefnilega að vera að fagmennska og þekking leiði til skipunar en ekki persónuleg tengsl og mögulegir sérhagsmunir.

Nú í liðinni viku þegar ellefu dagar voru til kosninga ákvað Gunnar Bragi Sveinsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að skipa þau Sunnu Gunnars Marteinsdóttur, aðstoðarmann sinn, og Viggó Jónsson, aðalfulltrúa Framsóknarflokksins í sveitarstjórn Skagafjarðar, í stjórn Matís. Þetta kallaði reyndar á að hringja í stjórnarmeðlimi kvöldið fyrir aðalfund og láta þá vita að þjónustu þeirra væri ekki óskað lengur. Svona gerast kaupin á eyrinni.

Allur rekstur Matís, sem er vísinda- og nýsköpunarfélag með áherslu á matvælaiðnað, hefur gengið ákaflega vel allt frá stofnun árið 2007. Matís hefur mikilvægu hlutverki að gegna í íslenskum matvælaiðnaði eða eins og segir á heimasíðu félagsins: „Við styðjum viðskiptavini okkar til aukinnar verðmætasköpunar, matvælaöryggis og lýðheilsu.“ Það er reyndar umhugsunarefni að fjárhagslegir hagsmunir Matís og matvælaframleiðenda fari saman, óháð hagsmunum neytenda eftir því sem næst verður komist. En þó er bæði ljúft og skylt að taka fram að það er ekki annað að sjá en að hjá Matís sé unnið af fagmennsku og metnaði, enda þar unnið að málum sem eru neytendum ákaflega mikilvæg. En þetta snýst ekki um Matís.

Reyndar snýst þetta ekki heldur einvörðungu um Gunnar Braga Sveinsson og snör handtök hans við innáskiptingar í stjórn Matís ellefu dögum fyrir kosningar. Þetta snýst um stjórnsýsluna og hvort faglega sé staðið að málum. Hvort hagsmunum neytenda sé best borgið með aðstoðarkonu ráðherrans og aðalfulltrúa Framsóknarflokksins í sveitarstjórn Skagafjarðar í stjórn Matís, er aðeins eitt dæmi um þá stjórnsýslu sem landsmenn hafa lengi mátt búa við. Landsmenn eiga skilið að stjórnmálin temji sér betri siði og ábyrgari stjórnarhætti en að vinavæða stjórnir, ráð og nefndir.

> **Landsmenn eiga skilið að stjórnmálin temji sér betri siði og ábyrgari stjórnarhætti en að vinavæða stjórnir, ráð og nefndir.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Reykjavíkurstjórnin**
**Stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþingi eru farnir að funda um samstarf að loknum kosningum. Ef marka má yfirlýsingar leiðtoga flokkanna á Facebook eftir sameiginlegan fund VG, Pírata, Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar í gær er málefnalegur samhljómur. Þessir sömu flokkar mynda meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur og að sögn fulltrúa framboðsins gengur samstarfið vel. Þar er Samfylkingin burðarásinn með fimm af níu manna meirihluta, svo er Björt framtíð með tvo og Píratar og VG hvor með sinn manninn. Þessi ólíki styrkleiki flokkanna innan meirihlutans birtist síðan í því að oddviti Samfylkingarinnar er borgarstjóri í Reykjavík en oddviti Bjartrar framtíðar er formaður borgarráðs. Fulltrúi VG hefur síðan verið forseti borgarstjórnar.**

**Annað stjórnarmynstur**
**Ef þessir sömu flokkar mynduðu stjórnarmeirihluta eftir Alþingiskosningar er allt útlit fyrir að Píratar og VG yrðu burðarásar í þeim stjórnarmeirihluta. Og væntanlega myndi það hafa áhrif á það hvernig skipað væri í helstu embætti eftir kosningar, með því að Píratar hefðu bæði mest áhrif á stjórnarsáttmála og það hvernig skipað væri í helstu ábyrgðarstöður. Það skal ósagt látið hvort það yrði verri stjórn fyrir vikið, en það yrði alls engin Reykjavíkurstjórn. jonhakon@frettabladid.is**

# Óþolinmæði kynslóðanna



Sólveig Jónasdóttir
upplýsingafulltrúi SFR stéttarfélags í almannaþjónustu

Það er kvennafrí. Í dag leggja konur niður vinnu kl. 14:38 og ganga út. Kvennafríið er táknræn aðgerð sem konur beittu fyrst 1975 til að mótmæla launamun kynjanna. Þá voru mæður okkar í aðalhlutverki. Í dag leiðum við mæður okkur og dætur á baráttufund í sömu erindagjörðum. Kynslóðir kvenna leggja niður störf og ganga út til að mótmæla.

Fyrir tuttugu árum sat ég fyrirlestur um launamál kynjanna. Á fundinum spunnust heitar umræður, enda umræðuefnið eldfimt og stærsti hluti fundarfólks konur. Skyndilega stóð upp maður sem bað fundarfólk um að vera rólegt. Á launamuninum væru „eðlilegar“, sögulegar skýringar en samkvæmt útreikningum myndi launamunurinn hverfa á næstu tuttugu árum. Við skyldum vera þolinmóðar. Svo vildi til að ég þekkti manninn enda var hann á svipuðum aldri og ég. Ég gat þó ekki frekar en aðrar fundarkonur verið sammála honum. Ég gat ekki sætt mig við að hafa lægri laun en hann meira en helming starfsævi minnar til viðbótar. Þetta var árið 1996. Þá reiknaðist talnaspekingum Hagstofunnar til að konur hefðu 63% af launum karla á almennum vinnumarkaði. Í dag hafa konur samkvæmt sömu mælingum um 80% af launum karla. Launamunur karla og kvenna í opinberum störfum er engu skárri. Í nýlegri launakönnun SFR stéttarfélags mældist 20% munur á heildarlaunum karla og kvenna.

Ég hef verið 30 ár á vinnumarkaði. Launin mín hafa alla tíð verið um og yfir 20% lægri en karla í sambærilegum störfum. Árstekjur mínar hafa verið frá milljón til einni og hálfri milljón lægri en þeirra ALLAN minn starfsaldur. Munurinn hleypur á milljónum yfir starfsævina. Gleymum heldur ekki að lífeyrisgreiðslur taka mið af launatekjum svo við erum ekki lausar við ójafnréttið þrátt fyrir að vinnuævinni ljúki.

Ég geng út í dag kl. 14:38. Ég verð. Annars get ég ekki horft í augu dóttur minnar sem enn á eftir að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Hvernig get ég að útskýrt þetta fyrir henni? Skyldi einhver þarna úti enn vilja biðja mig um að vera þolinmóða?

> **Gleymum heldur ekki að lífeyrisgreiðslur taka mið af launatekjum svo við erum ekki lausar við ójafnréttið þrátt fyrir að vinnuævinni ljúki.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Sara McMahon *sara@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Rok og rigning

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Það var rok og rigning hér heima þegar ég brá mér á dögunum til Seattle í Bandaríkjunum. Þar reyndist vera sama veður og enn meira óveður í aðsigi að sögn veðurfræðinga. Grár himinn og þungskýjað.

**Gargandi putti**

Trump var í sjónvarpinu þegar ég kveikti á því og hann var þar enn þegar ég slökkti á því og þegar ég kveikti á því morguninn eftir var hann þar enn, gargandi með þennan eilífa putta sinn á lofti. Það væri indjánanafnið hans: Gargandi putti. Hann var æfur en samt báru öll svipbrigði mannsins þess merki að hafa verið þaulæfð fyrir framan spegilinn. Soldið eins og Hitler. Hann var greinilega þarna í sjónvarpinu frá morgni til kvölds – og alla nóttina líka. Þann tíma sem ég dvaldi þarna í Seattle var Trump eins og grátt og þungt ský sem grúfir yfir Ameríku og neitar að fara. Hann var rok og rigning. Þegar hann var ekki sjálfur að garga, með puttann á lofti, var fólk að tala um hann; alls konar fólk, sem reyndi að finna nýja og nýja fleti á því að tala um öll hans stórfenglegu ómögulegheit.

Bestur þótti mér Bill Maher, sem er glúrinn gamanmálamaður á vinstri kantinum. Hann sýndi því ekki nokkurn skilning að Trump hafi í hyggju að vefengja kosningaúrslitin ef þau reynast honum óhagstæð, sá í því ógn við lýðræðið og tilraun til að fæla minnihlutahópa frá kjörstöðum með því að senda ofbeldishneigðum stuðningsmönnum skilaboð um að ganga hart fram í því að hafa áhrif á kjörsókn. Hann sá í þessu að Trump væri að skera upp herör. Hann sagði að Trump væri „the Che Guevara of the deplorables“ með vísun í þá umdeildu einkunn sem Hillary gaf á sínum tíma heitustu stuðningsmönnum Trumps, að þar færi ömurlegt lið.

Ég rak mín erindi – flutti mína tölu og gerði svo þetta sem Íslendingar gera í útlöndum: fékk mér regnhlíf, fór í H&M og Forever 21, fékk mér bjór og handborgara. Ég hélt ég væri að fara á listasafn en þar reyndust bara rafmagnsgítarar og gítarnögl og aðrir helgir dómar Kurts Cobain. En ég sá til allrar hamingju líka aðra sýningu þar sem var meðal annars undurfagurt verk eftir Steinunni Sigurðardóttur, kjóll sem virtist gerður úr draumum og þrá. Ég skimaði svo auðvitað eftir Frasier en hann reyndist hafa yfirgefið bygginguna; hitti aftur á móti stórmerkan bókasafnara af íslenskum ættum ...

**Stjórnmál framtíðarinnar?**

Og fór svo aftur á hótelið. Þar var Trumphog Day í sjónvarpinu. Bálreiður putti. Hann var að garga og fara með atriðið sitt frammi fyrir fagnandi lýðnum, láta reka einhvern mann út af svæðinu sem var með múður – og var augljóslega sviðsett atriði, eins og allt þarna; yfir amerískri kosningabaráttu er einatt einhver óraunveruleikablær, með aðkeyptum hvatningarópum og hrifningarflogum en Trump hefur tekið þetta skrefinu lengra í áttina að fjölbragðaglímunni bandarísku, þar sem allt er tómt sjónarspil, hver er góður og hver vondur, hver vinnur og hver tapar – kannski er þetta framtíðin? Kannski er þetta nútíminn?

Svo komu talandi hausar og fóru að tala um hann, hvað hann væri nú skrýtinn og fáránlegur og léti mikla vitleysu út úr sér. Þau gátu ekki hætt að tala um hann og ég gat ekki hætt að horfa þó að ég væri búinn að heyra og sjá allt áður. Það voru sýnd viðtöl við konur sem vitnuðu um líkamsárásir hans á sig, og aftur og aftur var leikin upptaka af vanmetagorti hans yfir því að káfa á konum og troða tungunni á sér upp í þær áður en þær fengju rönd við reist. Sjálfur hefur hann reynt að afgreiða þetta tal sem karlaklefagys, en mér er sem ég sæi félaga mína í badmintonliðinu Garpi tala svona eða þá hina ráðvöndu og háttvísu lögmenn sem spila um leið og við í Badmintonhöllinni í Álfheimum.

Um þetta var rætt fram og aftur og velt upp nýjum og nýjum flötum á óhæfi Trumps. Hann lýgur og hatar og gargar. Hann æsir upp og espar fólk til ódáða. Hann er hinn fullkomni undirmálsmaður, svíkur um greiðslur, fer á hausinn með ólíklegustu ævintýri; eini maðurinn í sögu mannkyns sem ekki getur einu sinni rekið spilavíti með hagnaði, eins og Obama sagði: Í spilavítum vinnur húsið alltaf, nema þegar Trump á spilavítið ...

Eiginlega virðast engin takmörk fyrir því hversu óhæfur einn náungi getur reynst vera til að gegna nokkru starfi; ekki er hægt að finna svo fábrotið og einfalt starf að honum sé treystandi fyrir því; hvað þá að hann sé fær um mannaforráð. Eina starfið sem þessi maður gæti hugsanlega gegnt er að vera týpa í sjónvarpinu – sem er einmitt það eina sem hefur lánast hjá honum.

Þetta blasir við hverjum manni; þarf ekki annað en að horfa á þennan óviðfelldna putta á honum. Samt segja kannanir að fjörutíu prósent Bandaríkjamanna séu enn staðfastlega á þeirri skoðun að hann sé betri til starfans en Hillary Clinton. Á því er aðeins ein haldbær skýring: Hún er kona. Hann frekjulegur karl.

En sem sagt: óveðrið þeirra í aðsigi þarna í Seattle kom aldrei. Bara rok og rigning. Þegar ég kom svo heim var rok og rigning. Við fáum víst litlu breytt um það. En öðru ráðum við sjálf. Og kjósum bráðum: kjósum enga vitleysu ...

> Hann sagði að Trump væri „the Che Guevara of the deplorables“ með vísun í þá umdeildu einkunn sem Hillary gaf á sínum tíma heitustu stuðningsmönnum Trumps, að þar færi ömurlegt lið.

# Tvöföldum framlög til jafnréttismála



Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir
frambj. Samfylkingar og stjórnarkona í Kvennahreyfingu flokksins



Steinunn Ýr Einarsdóttir
frambj. Samfylkingar og formaður Kvennahreyfingar flokksins

Jafnrétti kynjanna er grundvallar mannréttindamál og það er líka efnahagsmál. Rannsóknir hafa sýnt að með því að bæta stöðu kvenna aukum við hagvöxt og efnahagslegan stöðugleika. Fjárhagslegt sjálfstæði kvenna er ekki bara gott fyrir samfélagið heldur er það forsenda þess að konur geti staðið jafnfætis körlum og séu þeim ekki háðar um lífsviðurværi sitt og barna sinna. Atvinnuþátttaka kvenna hefur alltaf verið mikil á Íslandi, hún er álitin styrkleiki vinnumarkaðarins og hefur jákvæð áhrif á landsframleiðslu. Því sætir furðu hversu seinlega okkur gengur að útrýma launamun kynjanna.

Samfylkingin hefur um árabil verið leiðandi í að útrýma launamun kynjanna. Síðasta ríkisstjórn Samfylkingarinnar kom meðal annars á jafnlaunastaðli, setti lög um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja og lífeyrissjóða og jafnaði hlut kynjanna í ríkisstjórn og æðstu embættum ríkisins. Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur minnkaði jafnframt launamun kynjanna talsvert, en verkinu er hvergi nærri lokið.

Frá árinu 1961 hefur verið staðfest með lögum að óheimilt sé að mismuna í launum út frá kynferði. Ný jafnréttislög frá árinu 2008 kveða skýrt á um að launaleynd í ráðningarsamningum sé ekki skuldbindandi og að fólki sé í sjálfsvald sett hvort það skýri frá launakjörum sínum. Þrátt fyrir það eru mjög fá mál vegna launamismununar kærð.

Lög gagnast okkur þó ekki nema haft sé eftirlit með að þeim sé framfylgt og er Jafnréttisstofu ætlað að sinna því eftirlitshlutverki. Jafnréttisstofa fær framlög til jafnréttismála. Í núverandi fjárlögum eru áætlaðar 102,8 milljónir til Jafnréttisstofu og 21,5 milljónir í önnur framlög. Það er ljóst að fjármunirnir duga ekki fyrir því víðtæka hlutverki sem Jafnréttisstofu er ætlað og því viljum við í Samfylkingunni tvöfalda þessi framlög hið minnsta. Ábyrgðin liggur nefnilega hjá þeim sem setja leikreglurnar.

Nú eru 55 ár síðan það var staðfest með lögum að óheimilt væri að mismuna körlum og konum í launum. Við eigum öll að taka þá grundvallarafstöðu að borga konum og körlum sömu laun fyrir sömu störf. Skilaboð kvennafrídagsins árið 1975 eiga enn fullt erindi við okkur öll. Tryggjum konum fjárhagslegt jafnrétti. Árið er 2016. Þetta er ekkert flókið. Það er bara að gera það.

> Þetta er ekkert flókið. Það er bara að gera það.

Krabbameinsfélagið
BLEIKASLAUFAN.IS

ER ÞETTA BARA ÉG?

SÍÐKOMNAR AFLEIÐINGAR MEÐFERÐAR

Málþing um brjóstakrabbamein verður að Skógarhlíð 8 mánudaginn **24. október kl. 17:00–18:45** á vegum Brjóstaheilla – Samhjálpar kvenna, Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar, Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins.

DAGSKRÁ

**Setning**
Sigrún Gunnarsdóttir, formaður Krabbameinsfélags Íslands

**Side effects after cancer – how you move on**
Josina Bergsøe rithöfundur

**Síðbúnir fylgikvillar eftir krabbameinslyfjameðferð**
Ásgerður Sverrisdóttir krabbameinslæknir

**Gildi eftirlits varðandi aukaverkanir af andhormónum**
Þóra Þórsdóttir hjúkrunarfræðingur

**Krabbamein í æsku – eftirfylgd út lífið**
Vigdís Hrönn Viggósdóttir hjúkrunarfræðingur

**Reynslusaga: Hégómi eða lífsgæði?**
Dóróthea Jónsdóttir

**Umræður**

**Fundarstjóri:** Gunnhildur Óskarsdóttir, formaður Göngum saman

**Aðgangur ókeypis og allir velkomnir**

**Stuðningsaðilar:**
ESTĒE LAUDER Pfizer Radisson BLU 1919 HOTEL, REYKJAVIK

BLEIKA SLAUFAN

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

## Chelsea niðurlægði Man. United á Stamford Bridge í gær



*Á flugi* Leikmenn Chelsea fagna hér fjórða marki sínu í gær. Þetta var stærsta tap stjóra Man. Utd, Jose Mourinho, í ensku úrvalsdeildinni og hans næststærsta tap á ferlinum. Stærsta tapið var 5-0 fyrir Barcelona árið 2010. Fréttablaðið/getty

# Mun ákveða mig næsta sumar

Aron Pálmarsson er eftirsóttur sem fyrr. Hans gamla félag, Kiel, vill fá hann aftur og núverandi lið hans, Veszprém, vill framlengja. Svo hefur heyrst af áhuga annarra liða líka. Aron mun ekki ana að ákvörðun.

**HANDBOLTI** Tímabilið hefur ekki farið nógu vel af stað hjá liði Arons Pálmarssonar, Veszprém, í Meistaradeildinni. Liðið tapaði fyrir Barcelona, 26-23, um helgina og er í fjórða sæti A-riðils með sex stig eftir fimm leiki.

„Ef ég tala fyrir sjálfan mig þá er ég ekki sáttur. Mér finnst þetta lélegt miðað við liðið sem við erum með,“ segir Aron en hann var þá nýkominn heim til Ungverjalands eftir ferðalagið til Barcelona.

### Hugsað um Meistaradeildina

Aron segist hafa spilað svona helming leikja Veszprém í deildinni heima en í ljósi yfirburða Veszprém í ungversku deildinni þá getur liðið hvílt lykilmenn eins og Aron er félaginu nánast hentar.

„Það er bara verið að hugsa um Meistaradeildina. Ég spila alltaf gegn Szeged og svo eru kannski tvö önnur lið sem við erum aldrei að fara að tapa fyrir en eru samt allt í lagi. Það þarf aðeins að hafa fyrir þeim leikjum. Þá spila ég kannski í svona hálftíma. Það er helvíti fínt,“ segir Aron sem var oft plagaður af meiðslum í Þýskalandi. Þá var enginn tími til að jafna sig í sterkri deild.

„Skrokkurinn á mér er mjög góður. Ég sleit liðband í litla putta á skothendinni í upphafi vetrar. Þá var ég frá í fjórar vikur en missti enga leiki í Meistaradeildinni. Nú finn ég ekkert fyrir hnjánum sem voru oft að plaga mig áður. Ég var eiginlega aldrei 100 prósent í Þýskalandi. Ég hef farið í tvær hnéaðgerðir og maður fékk aldrei tíma til að jafna sig almennilega og álagið var rosalega mikið. Ég var svona 90 prósent heill þegar best lét.“



Aron er hér í leiknum gegn Barcelona um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

### Stundum bannað að æfa

Þó svo álagið hafi verið mikið í Þýskalandi þá er Aron feginn að hafa farið í gegnum þann harða skóla áður en hann fór til Ungverjalands þar sem honum er oft nánast pakkað inn í bómull.

„Mér hefur stundum verið bannað að æfa hérna. Það kemur alltaf Íslendingurinn upp í manni að maður sé aldrei þreyttur og svona. Ég hef mætt á æfingu og mér hefur verið skipað að fara bara á hjólið þegar ég ætlaði að æfa. Þá hef ég viljað lyfta en ekki mátt lyfta of mikið. Það er smá munur að fara í þetta eftir að hafa verið hjá Alfreð. Ég er mjög ánægður að hafa byrjað hjá Alfreð því annars myndi ég bara æfa tvisvar-þrisvar í viku. Það er gott að hafa tekið skólann hjá Alfreð því allt annað er svo bara rólegheit,“ segir Aron léttur og hlær.

Þegar Aron spilaði við Kiel í Meistaradeildinni á dögunum kom upp úr kafinu að hann væri búinn að fá samningstilboð frá Kiel.

„Framkvæmdastjóri Kiel átti þá frábæru hugmynd að henda þessum upplýsingum í staðarblaðið í Kiel degi fyrir leik. Sagði að ég væri kominn með tilboð frá þeim og nú væri þetta bara í mínum höndum. Það var fallega gert af honum,“ segir Aron og honum var augljóslega ekki skemmt.

„Það var búin að vera mikil leynd yfir þessu. Ég er því augljóslega með tilboð frá þeim. Ég hef samt ekki skrifað undir neitt eða lofað neinu. Það er heldur ekki kominn neinn tími á þennan samning. Auðvitað er samt ánægjulegt að þeir vilji fá mig aftur.“

### Ræður þessu ekki sjálfur

Málið er heldur ekki svo einfalt að Aron geti farið aftur til Kiel næsta sumar. Hann er með samning við Veszprém fram á sumar 2018 og Kiel yrði því að kaupa hann. Þess utan vill Veszprém alls ekki missa leikmanninn frábæra.

„Eftir leikinn gegn Kiel fer ég í viðtal við staðarblaðið og segi að ef eitthvert lið vilji kaupa mig næsta sumar þá sé það ekki undir mér komið hvort ég fari. Það þurfi að fara í gegnum félagið. Þá var skrifað að ef eitthvert lið vildi kaupa mig þá væri ég klár. Alveg frábært hjá þeim. Svo vill Veszprém framlengja við mig og þess utan eru óformlegar fyrirspurnir frá öðrum félögum. Auðvitað er ég í frábærri stöðu og líður vel með það.“

Eins og Aron segir þá verður Veszprém að selja hann ef hann á að fara næsta sumar.

„Ég er ekki búinn að ákveða mig og ég mun í seinasta lagi taka ákvörðun næsta sumar um hvað ég vil gera. Sú ákvörðun verður ekki auðveld. Mér líður vel í Ungverjalandi og hér er allt til alls. Eins og staðan er í dag er ég mjög sáttur.“

henry@frettabladid.is

## Nýjast

### Enska úrvalsdeildin

**Chelsea - Man.Utd 4-0**
1-0 Pedro (1.), 2-0 Gary Cahill (21.), 3-0 Eden Hazard (62.), 4-0 N'Golo Kante (70.).

**Man. City - Southampton 1-1**
0-1 Nathan Redmond (27.), 1-1 Kelechi Iheanacho (55.).

**Liverpool - WBA 2-1**
1-0 Sadio Mane (20.), 2-0 Philippe Coutinho (35.), 2-1 Gareth McAuley (81.).

**West Ham - Sunderland 1-0**
1-0 Winston Reid (90.+4).

**Leicester - C.Palace 3-1**
1-0 Ahmed Musa (42.), 2-0 Shinji Okazaki (63.), 3-0 Christian Fuchs (80.), 3-1 Yohan Cabaye (85.).

**Hull City - Stoke City 0-2**
0-1 Xherdan Shaqiri (26.), 0-2 Xherdan Shaqiri (50.).

**Burnley - Everton 2-1**
1-0 Sam Vokes (39.), 1-1 Yannick Bolasie (58.), 2-1 Scott Arfield (90.).

**Swansea - Watord 0-0**

**Arsenal - Middlesb. 0-0**

**Bournem. - Tottenham 0-0**

| Efstu lið | | Neðstu lið | |
|---|---|---|---|
| Man. City | 20 | West Ham | 10 |
| Arsenal | 20 | Stoke City | 9 |
| Liverpool | 20 | Middlesbr. | 7 |
| Chelsea | 19 | Hull City | 7 |
| Tottenham | 19 | Swansea | 5 |
| Everton | 15 | Sunderland | 2 |

**Hvað gerðu Gylfi og Jói?**
Okkar menn spiluðu 90 mínútur fyrir sín lið um helgina. Jóhann Berg Guðmundsson átti stóran þátt í sigurmarki Burnley. Skot hans í slána datt fyrir fætur Arfield sem skoraði sigurmarkið. Gylfi Þór Sigurðsson var nálægt því að tryggja Swansea sigur er skot hans fór í stöngina. Hann fékk einnig gult spjald í leiknum.

**Stærstu úrslitin** Chelsea nældi í gríðarlega góð þrjú stig í stórleik helgarinnar á meðan City og Arsenal misstigu sig.
**Hetjan** West Ham hefur gengið hörmulega á nýja heimavellinum og mark í uppbótartíma frá Winston Reid var því afar vel þegið.
**Kom á óvart** Middlesbrough og Bournemouth gerðu mjög vel í því að fá ekki mark á sig í leikjum sínum gegn Arsenal og Tottenham.

LOKALEIKUR Í DAG
Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu tapaði um helgina, 1-0, gegn Danmörku á Sincere Cup í Kína. Eina mark leiksins skoraði Johanna Rasmussen í fyrri hálfleik. Stelpurnar gerðu 2-2 jafntefli við Kína í fyrsta leiknum og eru því með eitt stig eftir tvo leiki. Stelpurnar spila nú í fyrramálið gegn Úsbekistan í lokaleik sínum í mótinu. Leikurinn hefst klukkan 08.00. Vonandi ná stelpurnar að sýna sinn besta leik í lokaleiknum en Úsbekistan er án stiga í þessu æfingamóti.



## Í dag

**21.00 Messan** Sport

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
24. OKTÓBER 2016 MÁNUDAGUR



Fanney Edda Felixdóttir og Sindri Snær Konráðsson fara með aðalhlutverkin í Litlu hryllingsbúðinni sem Leikfélag VMA frumsýndi í Samkomuhúsinu á Akureyri síðastliðinn föstudag. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

# STREMBIÐ EN GAMAN

**Þórduna kynnir** Leikfélag VMA sýnir Litlu hryllingsbúðina um þessar mundir. Verkið er sýnt í Samkomuhúsinu og eru nokkrar sýningar eftir.

Leikfélag Verkmenntaskólans á Akureyri (VMA) frumsýndi söngleikinn Litlu hryllingsbúðina í Samkomuhúsinu á Akureyri síðasta föstudagskvöld við mikil fagnaðarlæti sýningargesta. Söngleikurinn er með vinsælli og þekktari söngleikjum sögunnar og hefur margoft verið settur upp hér á landi af atvinnuleikhúsum og leikfélögum framhaldsskóla við miklar vinsældir.

Mikið hefur mætt á leikurum og aðstandendum sýningarinnar undanfarnar vikur enda í nógu að snúast fyrir svo viðamikla uppfærslu. Aðalhlutverk sýningarinnar eru í höndum þeirra Fanneyjar Eddu Felixdóttur og Sindra Snæs Konráðssonar en þau fara með hlutverk Auðar og Baldurs. Þau segja undanfarnar vikur hafa einkennst bæði af spennu og mikilli vinnu en bæði hafa þau brennandi áhuga á leiklist. „Ég hef verið að syngja síðan ég man eftir mér og leiklistin fylgdi í kjölfarið,“ segir Sindri. „Síðan 2012 hef ég leikið í um tíu leiksýningum, leikstýrt einni og sungið mikið á Akureyri og í nágrenni. Ástæðan fyrir því að ég tók þátt í þessu verki er einfaldlega sú að þetta er einn af mínum uppáhaldssöngleikjum.“

### SKEMMTILEGUR TÍMI

Litla hryllingsbúðin er annað verkið sem Fanney tekur þátt í. „Á síðustu önn tók ég þátt í leikritinu Bjart með köflum sem VMA setti upp. Ég ákvað að fara í áheyrnarprufu fyrir Litlu hryllingsbúðina því mig dreymir um að verða leikkona þegar ég verð eldri. Þannig að ég reyni að grípa öll tækifæri sem mér bjóðast og tengjast leiklist.“

Þau eru sammála um að æfingaferlið hafi verið afar strembið en um leið mjög skemmtilegt. Auk þess hafi öll samvinna milli leikara og leikstjórans verið mjög góð. „Það sem kom mér helst á óvart var hvað hópurinn náði strax vel saman og allir urðu mjög góðir vinir,“ segir Sindri.

Fanney segir að þrátt fyrir krefjandi og erfitt æfingaferli hafi hún aldrei skemmt sér eins vel. „Þetta er æðislegur hópur og það er svo gaman að æfa og sjá sýninguna vaxa og dafna, alveg frá fyrsta samlestri og þar til verkið var frumsýnt á föstudaginn. Sjálf er ég líka búin að læra heilmikið, bæði um sjálfa mig og um leiklist. Það sem kom mér helst á óvart var einfaldlega ég sjálf. Ég bjóst alls ekki við að fá hlutverk, sérstaklega ekki sönghlutverk, því ég hef aldrei sungið opinberlega áður. Í æfingaferlinu er ég búin að læra svo margt og gera svo marga hluti sem ég bjóst aldrei við að ég gæti.“

### MIKLAR VÆNTINGAR

Þótt verkið sé heimsþekkt reynir hópurinn að setja sitt mark á sýninguna að sögn Sindra. „Við reynum að fylgja verkinu í bland við nýjungar. Við unnum karakterana mikið út frá okkur sjálfum og lýsingum úr handritinu. Leikmyndin er öll okkar en við höldum gömlu góðu lögunum.“ Fanney bendir á að í öllum uppsetningum á verkinu hefur Auður verið ljóskutýpan og tannlæknirinn verið svarthærður. „Í uppsetningu okkar er ég lituð dökkhærð og tannlæknirinn er ljóshærður. En þetta er bara brot af því sem greinir okkur frá öðrum uppsetningum, við reynum að gera sýninguna algjörlega að okkar eigin.“

Sýningin er sú stærsta sem VMA hefur tekið þátt í og væntingarnar því miklar. „Fyrirfram voru væntingarnar í botni fyrir frumsýninguna. Við vonum sannarlega að fólk á Akureyri og í nágrenni komi til með að mæta á næstu sýningar. Það skiptir miklu máli að þetta heppnist sem best því það opnar fleiri möguleika fyrir leiksýningar og bara almennt félagslíf skólans í framtíðinni.“

Næstu sýningar verða föstudaginn 28. október og tvær sýningar verða laugardaginn 29. október.

**Nánari upplýsingar má finna á Facebook, bæði á síðu nemendafélags VMA (Þórduna) og á Litla hryllingsbúðin. Miðar eru seldir á mak.is og tix.is.**














Hraðréttur dagsins í hádeginu alla virka daga 1.690.- kr



Sunnudjass alla sunnudaga kl 20.00
Heimsklassa Djass með frábærum tónlistarmönnum í bruggsalnum okkar.
Allir velkomnir - enginn aðgangseyrir

BRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK
456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS






**Ella Theodora Kazooba Devos, fimm ára, datt heldur betur í lukkupottinn þegar þriggja hæða Barbíhús mömmu hennar, Hörpu Heimisdóttur, kom upp úr kassa í geymslu ömmu og afa.** MYND/GVA



**„Ég myndi alveg vilja búa í þessu húsi, sérstaklega ef það væri alveg eins lyfta í því sem ég mætti eiga sjálf," segir Ella.**



**Fötin, húsgögnin og veggfóðrið eru í takt við tíðarandann sem var.**



**Ef Ken og Barbí gætu nú talað.**



**„Mér finnst dásamlegt að fylgjast með dóttur minni leika með gamla dótið mitt," segir Harpa og viðurkennir nett nostalgíukast.**

# MYNDI VILJA BÚA Í HÚSINU

Í herbergi **Ellu Theodoru Kazooba Devos** svífur andi áttunda og níunda áratugarins yfir vötnum eftir að þriggja hæða Barbíhús mömmu hennar frá 1983 kom í leitirnar. Mamma hennar er í nostalgíukasti og sjálf myndi Ella vilja búa í húsinu.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Ég á átta dúkkur. Þær heita Klara, Lotta, Barbí og Ken. Svo eru Elsa og Anna og líka Millý og Ásthildur Hrönn. Þær eiga fullt af fötum. Ég leik mér oft með húsið, mér finnst það mjög flott," segir Ella Theodora Kazooba Devos, fimm ára, sem datt heldur betur í lukkupottinn þegar þriggja hæða Barbíhús mömmu hennar kom upp úr kassa í geymslu ömmu og afa.

Húsið fékk mamma hennar, Harpa Heimisdóttir arkitekt, í jólagjöf 1983 eða 4 og því fylgdu húsgögn og forláta lyfta sem ber íbúa hússins milli hæða. Innanstokks er allt í anda áttunda og níunda áratugarins og gulur og appelsínugulur litur ráðandi.

„Mér finnst dálítið skemmtilegt að ekki einn einasti hlutur var bleikur," segir Harpa og viðurkennir að hafa fengið nett nostalgíukast þegar hún opnaði kassann.

„Mig grunaði ekki að öll húsgögnin, dúkkurnar og fötin væru enn í kassanum og meira að segja Barbíbíllinn og mótorhjólið voru þar líka. Bílinn og mótorhjólið fékk ég aðeins seinna en húsið og það sést greinilega að í millitíðinni breyttist tískan hjá Barbí, þá var allt orðið bleikt. Ég gat ekki einu sinni beðið eftir að koma með húsið heim heldur setti það strax saman á stofugólfinu hjá foreldrum mínum. Ég var eiginlega spenntari en mér hefði getað dottið í hug. Mér finnst dásamlegt að fylgjast með dóttur minni leika með gamla dótið mitt," segir Harpa, enda er Ella í skýjunum með húsið þótt það beri merki um liðna tísku og tíðaranda.

„Mér finnst húsgögnin flott og veggfóðrið bara ágætt," segir Ella. „Það má líka alveg vera annað dót í húsinu og ég hef sett smá Legó og smá kubba í það. Það væri líka gaman að lita eitthvað á blað og líma það upp á toppinn svo það verði fallegt. Svo er líka gaman að leika með lyftuna. Ég myndi alveg vilja búa í þessu húsi, sérstaklega ef það væri alveg eins lyfta í því sem ég mætti eiga sjálf," segir Ella.

# Hringbrautarverkefnið

Á fullri ferð - Upplýsingarit NLSH ohf.

24. október 2016



Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra, tók fyrstu skóflustunguna að nýju sjúkrahóteli fyrir tæpu ári. Fjármálaáætlun 2017-2021 gerir ráð fyrir að uppbyggingu verði haldið áfram af krafti við Hringbraut.

# Mikilvægt að halda áfram uppbyggingu þjóðarsjúkrahússins við Hringbraut

Stórt skref var stigið í heilbrigðismálum þjóðarinnar fyrir tæpu ári þegar **Kristján Þór Júlíusson** heilbrigðisráðherra tók fyrstu skóflustungu að nýju sjúkrahóteli sem nú rís við Hringbraut að viðstöddu fjölmenni, þar á meðal fyrrverandi heilbrigðisráðherrum. Þá lét hann þau orð falla að „kyrrstaðan væri rofin" en áætlað er að hótelið verði tekið í notkun á næsta ári. Allar skipulagsáætlanir hafa hlotið lögformlega staðfestingu, framkvæmdir hafnar við sjúkrahótel, fullnaðarhönnun meðferðarkjarna stendur yfir og forhönnun annarra bygginga liggur fyrir. →

## Eitt af stóru málunum

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segir uppbyggingu nýs Landspítala við Hringbraut vera eitt af stóru málunum sem ríkisstjórnin hefur tekist á við. Hann er ánægður með stöðuna á verkefninu. **2.**

## Í samræmi við skipulag

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar, segir uppbyggingu Landspítalans við Hringbraut í ágætu samræmi við önnur skipulagsmál á höfuðborgarsvæðinu. **5.**

## Sýn fulltrúa flokka

Heilbrigðismál eru ofarlega á baugi í umræðum í aðdraganda kosninga. Fulltrúar framboða til Alþingiskosninga greina frá sinni sýn varðandi uppbyggingu nýs þjóðarsjúkrahúss við Hringbraut. **10.**

## Samhentur hópur

Í Hringbrautarverkefninu starfar samhentur hópur með mikla þekkingu og reynslu úr hönnunar- og framkvæmdaverkefnum á byggingarsviði, en einnig í verkefnum á heilbrigðistæknisviði. **12.**

➡„Uppbyggingin við Hringbraut er auðvitað eitt af stóru málunum sem þessi ríkisstjórn hefur tekist á við og það hefur verið stígandi í verkefninu og ég er afar stoltur og ánægður með þann stað sem við erum á í dag,“ segir Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra.

Umræðan um uppbygginguna við Hringbraut hefur tilhneigingu til þess að snúast meira um staðsetningu nýs spítala en þá uppbyggingu sem þar á sér stað. Kristján segist fyrst og fremst horfa á verkefnið út frá stöðunni eins og hún sé núna og nefnir núverandi húsakost, gangainnlagnir og vandræðin sem því fylgja í því samhengi.

Þó að fólk hafi margar og mismunandi skoðanir á því hvar sé best að byggja nýtt sjúkrahús segir Kristján að það hljóti að vera hægt að sameinast um að byggja upp þjóðarsjúkrahúsið sem við þörfnumst og viljum sjá. „Með sterka innviði, fagfólk í fremstu röð, vel tækjum búið og í húsnæði sem samræmist kröfum samtímans. Þetta er verkefnið og það skiptir miklu að því verði haldið áfram.“

Kristján bendir á í því samhengi að forsendan fyrir því að hægt sé að setja aukið fé í málaflokkinn sé sterk staða ríkissjóðs. „Það er mikilvægt að hafa það í huga að forsendan fyrir þessu öllu saman er sterk staða ríkissjóðs og við höfum þegar tryggt fjármagn í næsta áfanga uppbyggingarinnar. Mér finnst fólk oft tala um heilbrigðismálin eins og hér hafi ekkert gerst síðustu þrjú árin. Því fer fjarri og framkvæmdirnar við Hringbraut eru ágætis vitnisburður um það,“ segir ráðherrann.

Hann sem heilbrigðisráðherra hafi lagt mikla áherslu á að hefja verkið, það hafi gengið eftir og menn séu á fínu róli. „Við höfum margar fréttir og ótal dæmi um plássleysið á spítalanum. Það er auðvitað eitthvað sem við eigum ekki og getum ekki sætt okkur við, þess vegna er brýnt að við höldum áfram á sömu braut og bætum aðstöðu sjúklinga og starfsfólks á þjóðarsjúkrahúsinu.“

Spurður frekar út í umræðuna um staðsetningu spítalans segir Kristján málið nokkuð einfalt í sínum huga. Alþingi hafi samþykkt að hefja uppbyggingu við Hringbraut og hann sem ráðherra heilbrigðismála hafi fylgt því eftir. „Ég hef litið svo á að það sé mitt verkefni að tryggja uppbygginguna við Hringbraut og fylgja vilja Alþingis. Hvort það sé hentugt að byggja annað sjúkrahús á öðrum stað einhvern tíma í framtíðinni er bara allt önnur umræða sem sjálfsagt er að taka. Það má hins vegar ekki trufla þá mikilvægu uppbygginguna sem nú er í fullum gangi við Hringbraut.“

Eins og fyrr segir gera áætlanir ríkisstjórnarinnar ráð fyrir því að uppbyggingu verði haldið áfram af fullum krafti við Hringbraut.

„Fyrir þessum ákvörðunum öllum liggja margvísleg rök. Hagkvæmni vegur þungt, því talið er að það yrði dýrara að byggja nýtt sjúkrahús frá grunni á öðrum stað en að byggja við Hringbraut og nýta áfram 56.000 fermetra af eldri byggingum. Nálægðin við Háskóla Íslands og þekkingarsamfélagið í Vatnsmýrinni skiptir einnig miklu máli vegna rannsókna og kennslu þar sem vel á annað hundrað starfsmanna spítalans eru jafnframt starfsmenn háskólans.“

Flestir þekki þessa umræðu og eðlilegt sé að taka hana. „Þessi umræða hefur staðið yfir meira og minna í tvo áratugi og það hefur dregist úr hömlu að spítalaþjónustan á Íslandi sé byggð upp í takt við fjölgun þjóðarinnar, aukna þekkingu starfsfólks og þarfir sjúklinga. Aðstaðan sem í boði er á þjóðarsjúkrahúsinu í dag stenst einfaldlega ekki þarfir og þær nútímakröfur sem við sem þjóð eigum að gera.“



Yfirlitsmynd yfir nýjar og núverandi byggingar Landspítalans við Hringbraut.


Kristján Þór Júlíusson

# Verkáætlun **Hringbrautarverkefnisins**

**Hringbrautarverkefnið er stórt og viðamikið verkefni sem mun gerbreyta allri aðstöðu fyrir sjúklinga og starfsmenn þegar verkinu líkur. Verkefnið gengur vel. Bygging nýs og glæsilegs sjúkrahótels er í fullum gangi og verið að hanna nýtt sjúkrahús, meðferðarkjarnann og búið er að heimila forval á fullnaðarhönnun nýs rannsóknarhúss.**

Hér má sjá þá tímaáætlun sem búið er að setja niður varðandi hönnun og framkvæmdir.

Þar sést að framkvæmdum við sjúkrahótelið mun ljúka á næsta ári. Byrjað verður á framkvæmdum við meðferðarkjarnann árið 2018 og er áætlað að þeim ljúki 2023. Rannsóknarhúsið á einnig að vera fullbúið árið 2023 og reiknað er með að framkvæmdir standi yfir í fjögur ár. Byrjað verður á tækni-, skrifstofu- og bílastæðahúsi árið 2019 og verður það tilbúið þremur árum síðar. Hús heilbrigðisvísindasviðs HÍ mun einnig rísa á árunum 2019 til 2022.

| | '10 | '11 | '12 | '13 | '14 | '15 | '16 | '17 | '18 | '19 | '20 | '21 | '22 | '23 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skipulagsgerð* | ● | ● | ● | ● | | | | | | | | | | |
| Forhönnun bygginga, lóðar, gatna og veitna* | ● | ● | ● | | | | | | | | | | | |
| Sjúkrahótel – Fullnaðarhönnun | | | | | ● | ● | | | | | | | | |
| Sjúkrahótel – Framkvæmd | | | | | | ● | ● | ● | | | | | | |
| Meðferðarkjarni – Fullnaðarhönnun | | | | | | ● | ● | ● | ● | | | | | |
| Meðferðarkjarni – Framkvæmd | | | | | | | | | ● | ● | ● | ● | ● | ● |
| Rannsóknarhús – Fullnaðarhönnun | | | | | | | | ● | ● | ● | | | | |
| Rannsóknarhús – Framkvæmd | | | | | | | | | | | ● | ● | ● | ● |
| Tækni-, skrifstofu- og bílastæðahús – Fullnaðarhönnun | | | | | | | | ● | ● | | | | | |
| Tækni-, skrifstofu- og bílastæðahús – Framkvæmd | | | | | | | | | | ● | ● | ● | | |
| Hús heilbrigðisvísindasviðs HÍ – Fullnaðarhönnun | | | | | | | | ● | ● | ● | | | | |
| Hús heilbrigðisvísindasviðs HÍ – Framkvæmd | | | | | | | | | | ● | ● | ● | ● | |

* Svæðaskipulag höfuðborgarsvæðis, aðalskipulag Reykjavíkur, deiliskipulag Hringbrautarlóðar

ÚTGEFANDI
**Nýr Landspítali ohf.** | Skúlagata 21 | s. 551 6010 | magnus@nlsh.is
ÁBYRGÐARMAÐUR OG RITSTJÓRI
**Magnús Heimisson**

# Ráðherrar um Hringbrautarverkefnið

Uppbygging nýs Landspítala við Hringbraut á sér langan aðdraganda. Fjölmargir **heilbrigðisráðherrar** hafa komið að Hringbrautarverkefninu með einum eða öðrum hætti. Hér fara nokkrir fyrrverandi ráðherrar yfir sinn þátt í uppbyggingu og þróun Landspítalans og sína framtíðarsýn.*

## INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR



Ég var heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í sex ár á árunum 1995-2001. Á þeim tíma var unnið að sameiningu stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík, sem tókst farsællega í kringum aldamótin.

Forsenda sameiningarinnar var að reka eitt öflugt sjúkrahús þar sem bæði fagleg þekking nyti sín best, nýjasti og dýrasti tæknibúnaðurinn væri á sama stað. Þá þegar var öllum ljóst að ný bygging yrði að rísa undir sameinaða þjónustu.

Ég var í fyrstu staðarvalsnefndinni 2002 sem Jón Kristjánsson, þáverandi heilbrigðisráðherra, skipaði ásamt hópi íslenskra og erlendra aðila. Þrír staðir voru skoðaðir, Vífilsstaðir, Borgarspítalinn og Hringbrautin, sem varð niðurstaðan eftir mjög nákvæma yfirferð þar sem reynt var að taka allt með í reikninginn.

Síðan eru liðin mörg ár og margir sérfræðingar og ráðherrar komið að borðinu og niðurstaðan alltaf verið sú sama varðandi staðarvalið einhverra hluta vegna.

Það er ótrúlegt hvað stendur í okkar þjóð að reisa sjúkrahús jafn framkvæmdaglöð og við annars erum. Ég er ekki búin að gleyma þeirri löngu baráttu sem þurfti að heyja fyrir byggingu Barnaspítala Hringsins.

Ég hélt að þegar hann var vígður í janúar 2003 myndi ekkert stöðva næstu skref varðandi nýjan spítala, svo mikil straumhvörf urðu á allri aðstöðu sjúklinga, aðstandenda og starfsfólks með byggingu barnaspítalans, sem reistur var á 33 mánuðum. Hvað á að bjóða sjúklingum og starfsfólki Landspítalans lengi upp á endalaust kjaftæði um staðarvalið? Þessari spurningu verður að svara núna, óvissuástandinu verður að ljúka.

Það er þjóðþrifamál að klára Hringbrautarverkefnið fljótt og vel.

## SVAVAR GESTSSON



Þegar ég var heilbrigðisráðherra á árunum 1980-1983 var Hringbrautarverkefnið ekki á dagskrá. Það var verið að skoða aðra staði fyrir Landspítalann eins og Vífilsstaðasvæðið sem var þá ósnortið að mestu fyrir utan Vífilsstaðaspítalann sjálfan. Þá skoðuðum við líka túnin í kringum Kópavogshælið. Jafnframt þessu var unnið að því að bæta aðstöðuna á Landspítalasvæðinu með byggingu geðdeildarinnar og K-byggingunni. Bygging geðdeildarinnar á svæðinu sjálfu var bylting því þar með var ákveðið af yfirvöldum að litið skyldi á geðsjúkdóma eins og aðra sjúkdóma. Ég sat í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna 1987–1988 og 1992–1994 og þá var mikið fjallað um húsnæðismál spítalans. Síðan gerðist tvennt sem skiptir máli í þessari sögu: Annað var ákvörðunin um að færa Hringbrautina til suðurs; tilgangurinn var meðal annars sá að skapa svigrúm fyrir nýjar byggingar á Landspítalasvæðinu. Og hitt sem skiptir máli í þessu var byggingbarnaspítalahússins. Það hefur því verið ljóst frá því á tíunda áratug síðustu aldar að Nýr Landspítali risi á Hringbrautarsvæðinu. Allar vangaveltur um annað hafa tafið verkið sem núna, loksins, er komið á fulla ferð og verður ekki aftur snúið. Allir flokkar á Alþingi nema einn standa heilshugar að verkinu. Sá sem ekki gerir það átti reyndar heilbrigðisráðherrana þegar fyrstu skrefin voru stigin – Ingibjörgu Pálmadóttur, Jón Kristjánsson og Siv Friðleifsdóttur – og var aðili að þeim ríkisstjórnum og borgarstjórnarmeirihluta sem færði Hringbrautina. Svona er það!

Nú er ekkert annað að gera en að bretta upp ermarnar og klára. Það liggur á. Allar tafir eru skaðlegar fyrir land og þjóð.

## ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR



Þegar ég varð heilbrigðisráðherra 1. október 2009 voru allar fjárhagslegar forsendur fyrir nýbyggingum við Hringbraut brostnar. Í kjölfar hrunsins var allt verkefnið tekið til endurskoðunar. Bæði stjórnvöld, verkalýðshreyfing og atvinnurekendur sáu í framkvæmdinni tækifæri til að lyfta atvinnustiginu í landinu og draga úr atvinnuleysi og Landspítalabyggingin var alltaf sú sem stóð uppúr þegar þjóðhagsleg hagkvæmni var annars vegar.

Það kom svo í minn hlut að undirrita viljayfirlýsingu stjórnvalda við 20 lífeyrissjóði um fjármögnun þeirra á uppbyggingu spítalans rúmum mánuði eftir að ég tók við ráðuneytinu. Það var á við stærsta happdrættisvinning að fá Gunnar Svavarsson, verkfræðing og fyrrverandi formann fjárlaganefndar, til að tryggja framgang verkefnisins og sinna samskiptum við hagsmunaaðila og samstarfsaðila. Það er hlutverk sem hann sinnir enn í dag, nú sem framkvæmdastjóri NLSH.

Í mars 2010 hrintum við af stað samkeppni um skipulag svæðisins. Eitt síðasta verk mitt sem ráðherra var einmitt að ganga frá samkomulagi milli sigurvegaranna, Spital-hópsins, og Nýs Landspítala ohf., um frumhönnun nýbygginga við Hringbraut.

Ég er hreykin af því að hafa átt þátt í að ýta Hringbrautarverkefninu aftur af stað eftir hrun. Bygging Nýs Landspítala var alltaf ofarlega á mínum verkefna- og forgangslista og ég var svo lánsöm að fá öflugt fólk til samstarfs um þetta brýna verkefni það tæpa ár sem ég var ráðherra.

Þó undirbúningurinn hafi tekið lengri tíma en við ætluðum þá hafa aðstæður breyst svo til batnaðar í íslensku samfélagi að nú getur ríkissjóður sjálfur fjármagnað byggingu nýs spítala. Ég gleðst yfir því að sjá bygginguna komna á fullan skrið. Nú verður ekki aftur snúið.

## GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON



Verkefnið við Hringbraut var á mínu borði sem heilbrigðisráðherra á árunum 2007-2009. Ég fylgdi því fast eftir og geri enn. Mikilvægi þess að uppbygging eigi sér stað er augljós og ekki má verk úr hendi falla við áframhaldandi jákvæð skref í Hringbrautarverkefninu. Ástæðurnar eru margþættar, en ég vil nefna hér þrjú atriði sem ég kom að.

Byggingarnefnd undir forystu Ingu Jónu Þórðardóttur lagði á borð hjá mér yfirgripsmikla og vel unna greinargerð um Hringbrautarverkefnið. Nefndina skipaði ég í október 2007 en henni var falið að gera úttekt á stöðu verkefnisins og vinna áætlun um áfangaskiptingu og fjármögnun. Þá var farið yfir evrópsk skilyrði er varða útboð og eitt af því sem þá var ákveðið og stendur enn í dag er að öll gögn og allt talmál skal vera á íslensku, þrátt fyrir að útboðin fari fram á evrópska efnahagssvæðinu.

Á þessum árum sökktum við okkur einnig í umferðarmálin. Málefni nýju Hringbrautarinnar voru á verkefnalista borgarstjórnar og þurftum við öll að setja okkur vel inn í þessi mál. Það kom mér því ekki á óvart að umferðarmálin voru ekki hindrun þegar deili- og aðalskipulag Hringbrautarlóðarinnar voru samþykkt sem gerðu ráð fyrir uppbyggingu spítalans.

Á haustmánuðum 2008 var tekið af skarið með að endurmeta Hringbrautarverkefnið og gera ráð fyrir því að uppbyggingin yrði minni en ráð var fyrir gert á fyrri stigum. Fól ég Huldu Gunnlaugsdóttur, forstjóra Landspítala, að norsk hönnunar- og ráðgjafarfyrirtæki færu yfir áætlanir og hönnunarforsendur vegna nýs Landspítala og skilaði skýrslu um niðurstöður sínar. Á þeim grunni er nú unnið enda sýndi sig að ávinningurinn af því að sameina rekstur Landspítala yrði þá um 19 milljarðar króna á núvirði til næstu 40 ára. Það yrði mun dýrara fyrir íslenskt samfélag að reka Landspítalann áfram við núverandi aðstæður í Fossvogi og við Hringbraut en að sameina reksturinn. Hagkvæmast yrði að byggja við núverandi Landspítala við Hringbraut í fyrsta áfanga og nýta áfram flest hús sem fyrir eru á lóðinni. Þessar leiðarlínur voru og eru enn mjög mikilvægar.

## GUÐMUNDUR BJARNASON,



Á þeim árum sem ég sat í stóli heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, 1987-1991 var að hefjast umræða um sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík.

Loks nú, 25-30 árum síðar, sér fyrir endann á því mikilvæga verki með byggingu nýs Landspítala við Hringbraut. Það tekur ár og áratugi að hnýta alla enda í svo stóru verkefni og hefði því vissulega þurft að vera lokið fyrir löngu.

Mér er því ómögulegt að leggja trúnað á þær hugmyndir að það taki ekki nema örfá ár og ætti ekki að tefja fyrir uppbyggingu nýs sjúkrahúss að fara nú að leita að nýjum stað. Öll skipulagsmál og hönnun slíks mannvirkis tekur mörg ár áður en hægt er að hefja framkvæmdir sem síðan taka sinn tíma, það segir sagan okkur.

Og að tala um að nú sé tækifæri til að huga að nýjum stað er líka rangt – það tækifæri er löngu liðið. Ákvörðun hefur nú loks verið tekin og uppbygging hafin við nýjan Landspítala við Hringbraut. Nú er ekki annað að gera en ljúka því máli bæði hratt og vel!

Síðan má að sjálfsögðu fljótlega hefja athugun og undirbúning að nýju staðarvali fyrir nýjan spítala! Það ferli tekur marga áratugi samanber reynsluna og sjálfsagt verður orðið tímabært miðað við þróun nýrrar tækni og mannfjöldaspár að hefja slíkar framkvæmdir upp úr miðri öldinni.

## JÓN KRISTJÁNSSON



Ég tók við embætti heilbrigðisráðherra árið 2001. Eitt af þeim verkefnum sem fylgdu var að vinna áfram að uppbyggingu Landspítalans. Á þeim tíma þótti ástæða til að huga að uppbyggingu á einum stað.

Ég skipaði því nefnd til að skoða meðal annars staðarval. Niðurstaðan var eftir samanburð á álitlegum stöðum að byggja upp við Hringbraut. Ein af ástæðunum fyrir því var nálægðin við háskólasvæðið, en starfsemi þessara stofnana er samofin. Nú standa yfir framkvæmdir við nýtt sjúkrahótel og verið að hanna meðferðarkjarnann.

Hugmyndafræðin á bak við þessar framkvæmdir er meðal annars sú að skapa hér umhverfi sem laðar að sér vel menntað fólk, að það velji sér starfsvettvang hér heima eftir nám erlendis. Hér verði fullkomið háskólasjúkrahús sem hafi yfir þeirri tækni og mannafla að ráða að geta ráðið við flóknustu aðgerðir. Til þess þarf fjölmennt upptökusvæði, þannig að sjálfgefið er að þetta verður miðstöð og endastöð í heilbrigðiskerfinu, þótt uppbygging annars staðar sé einnig bráðnauðsynleg.

Ég hef ríka sannfæringu fyrir því að við séum á réttri leið í þessum framkvæmdum og mjög mikilvægt að tefja þær ekki með krókaleiðum í staðsetningarmálum. Að sjálfsögðu eru skoðanir skiptar í þessu stórmáli en að mínum dómi er teningunum löngu kastað.

## GUÐMUNDUR ÁRNI STEFÁNSSON:



Þegar ég tók við starfi heilbrigðisráðherra 1993 þá voru mörg stór og mikilvæg verkefni á mínu borði. Þá fór ég úr starfi bæjarstjóra í Hafnarfirði, þar sem mikil uppbygging hafði verið, í starf heilbrigðisráðherra þar sem mikil ólga ríkti um málaflokkinn. Ég vildi ró yfir málaflokkinn, þótt þröngt væri skorið. Okkur tókst vel um margt. En vildi svo margt meira. Glaðastur var ég, þegar ég náði heildarsamkomulagi um að byggja nýjan barnaspítala með þeim Hringskonum sem höfðu um áratugaskeið lagt svo gott til. Síðari ráðherrar komu því í höfn. Ráðherrar koma og þeir fara. Þess vegna skiptir svo miklu að eitthvað sé meitlað í stein. Þess vegna skiptir svo miklu máli að haldið sé striki og haldið áfram með uppbyggingu við nýjan Landspítala við Hringbraut. Öll umræða um annað dreifir kröftum – og peningum í allt annað. Það þekki ég af eigin reynslu. Góð heilbrigðisþjónusta er undirstaða velferðar þjóðar. Höldum okkar striki og stefnu.

## SIGHVATUR BJÖRGVINSSON



Við Íslendingar erum einstaklega þrasgefin þjóð. Getum aldrei talað okkur til samstöðu né samkomulags. Tölum ávallt okkur til meiri sundrungar, vaxandi deilna, fleiri og fleiri hugsmíða og til meiri ágreinings við alla aðra. Þetta á ekki síst við þegar kemur að húsbyggingum til sameiginlegra þarfa. Perlan, Ráðhúsið, Hæstaréttarbyggingin – Landspítalinn. Svo er rifist og þráttað þar til loksins verkið er hafið. Þá þagna allir – og eru svo sáttir á eftir.

Þrasið um Landspítalann hefur nú staðið meira en tvo áratugi. Nánast má segja að þriðji hver Íslendingur hafi komið sér upp mjög ákveðinni skoðun um hvort eigi og ef svo er hvar eigi. Menn búnir að tala sig eins langt frá sameiginlegri niðurstöðu og orðið getur. Förum nú að láta verkin tala. Fjármunirnir eru til, teikningarnar eru til, vilji stjórnvalda liggur fyrir. Hefjumst svo handa. Biðin orðin meira en nógu löng. Svo þegar byggingarnar rísa munu allir verða svo sáttir – og geta farið að þrátta um annað. Til dæmis náttúrupassa! Af nógu er að taka.

* Ekki bárust upplýsingar frá öllum fv. ráðherrum fyrir tilsettan tíma.





Í hópnum sem kemur að hönnunarverkefninu eru um 60 manns frá íslenskum arkitekta- og verkfræðistofum auk sérfræðinga frá Hollandi, Danmörku, Noregi og Englandi.

# Ótrúlega flókið en spennandi verkefni

Nýi **meðferðarkjarninn** er hannaður af **CORPUS** hópnum. Byggingin er á sex hæðum auk tveggja hæða neðanjarðar og verður um 58.000 fermetrar að stærð. Meðferðarkjarninn mun m.a. hýsa bráðamóttöku, skurðdeildir, gjörgæslu, smitsjúkdómadeild og legudeildir.

Meðferðarkjarninn sem mun rísa fyrir neðan Barnaspítala Hringsins er eitt stærsta og flóknasta hönnunarverkefni sem ráðist hefur verið í hérlendis. Byggingin, sem mun hýsa það sem flestir landsmenn myndu skilgreina sem hefðbundna spítalastarfsemi, verður á sex hæðum auk tveggja hæða neðanjarðar og er um 58 þúsund fermetrar að flatarmáli.

Í dag er sú starfsemi sem mun fara þar fram dreifð um nokkrar byggingar á nokkrum lóðum á höfuðborgarsvæðinu en nýi meðferðarkjarninn mun m.a. hýsa bráðamóttöku, skurðdeildir, hjarta- og æðaþræðingardeild, gjörgæslu, myndgreiningu, smitsjúkdómadeild, legudeildir og flestar aðrar stærri einingar hefðbundinnar sjúrkahússtarfsemi. Göngu- og dagsdeildir verða þó enn til húsa í eldri byggingu á svæðinu fyrst um sinn eða þar til nýtt hús verður byggt undir þá starfssemi.

Það er hönnunarteymið Corpus sem ber ábyrgð á hönnun þessa gríðarstóra verkefnis og eru í því um 60 manns frá tveimur innlendum arkitektastofum og tveimur innlendum verkfræðistofum. Auk þeirra koma erlendir sérfræðingar frá Hollandi, Danmörku, Noregi og Englandi einnig að verkefninu að sögn þeirra Ögmundar Skarphéðinssonar arkitekts og Þorbergs Karlssonar byggingarverkfræðings, sem greina lesendum Fréttablaðsins frá þessu gríðarstóra og merkilega verkefni.

## Flókin hönnun

„Það er sannarlega mikil áskorun fyrir okkur að taka þátt í svona einstöku verkefni. Hönnun nútíma sjúkrahúsa er afskaplega flókin enda fer þar fram mjög fjölbreytt og innbyrðis ólík starfsemi sem þjónar ólíkum hópum,“ segir Ögmundur.

Sem fyrr segir er Corpus-hópurinn samsettur úr fjórum fyrirtækjum. „Um er að ræða arkitektastofurnar Hornsteina og Basalt auk verkfræðistofanna VSÓ ráðgjafar og Lotu. Okkur til halds og trausts er síðan myndarlegur hópur erlendra ráðgjafa. Fullnaðarhönnun nýs meðferðarkjarna var boðin út vorið 2015. Á endanum var fjórum teymum innlendra og erlendra ráðgjafa boðið að keppa um verkefnið þar sem hópurinn okkar átti hagstæðasta tilboðið,“ bætir Þorbergur við.

Byggingin mun hýsa hátt í tvö þúsund starfsmenn sem margir hverjir munu eyða stórum hluta starfsævinnar þar að sögn Þorbergs. „Þetta er stór hópur fólks með mjög ólíkan bakgrunn og í ólíkum störfum. Starfsfólkið á það þó sameiginlegt að vinna við að sinna sjúku fólki og koma því aftur til betri heilsu. Því skiptir miklu að búa til hvetjandi vettvang fyrir þennan stóra hóp.“

En að sjálfsögðu eru það ekki bara þarfir starfsfólks sem þarf að hafa í huga að sögn þeirra. „Það er stefna spítalans að sjúklingurinn og þarfir hans séu í öndvegi. Við viljum freista þess að hanna græðandi umhverfi og í leiðinni gera þessa byggingu að góðum granna í rótgrónu hverfi.“

## Snýst um flæði

Þegar þarf að huga að þörfum svo fjölbreytts hóps verður verkefnið fyrir vikið bæði flókið og áhugavert að sögn Ögmundar. „Það er eðli sjúkrahússtarfseminnar að vera flókin og fjölbreytileg. Bara það hvernig hlutir ferðast um húsið er sérkapítuli út af fyrir sig. Virkni spítalans ræðst mjög af því hvernig gengur t.d. að flytja hluti á borð við lyf, lín og tæki og svo auðvitað mannskap milli eininga. Það má að mörgu leyti líkja sjúkrahúsi við flugstöð. Á báðum stöðum snýst allt um gott flæði sem verður að vera eins hagfellt og kostur er. Ekki má eyða of miklum tíma og skrefum til einskis við framkvæmd ýmissa hluta og verka.“

Um leið þarf að huga að ólíkri starfsemi milli hæða og deilda sem fer ekki endilega alltaf saman hlið við hlið að sögn Þorbergs. „Skurðstofan á einni hæð fer t.d. ekki endilega saman við starfsemi næstu hæðar o.s.frv. Það er því töluverð áskorun að búa til heildstæða vél þar sem allt gengur upp. Byggingin mun þar að auki tengjast öðrum byggingum á spítalalóðinni, svo sem rannsóknarhúsinu, göngudeild og fleiri byggingum, bæði ofan- og neðanjarðar. Sem sagt, ótrúlega flókið en um leið spennandi verkefni til að glíma við.“



Verkefnið er mikil áskorun, segja þeir Ögmundur Skarphéðinsson arkitekt (t.v.) og Þorbergur Karlsson byggingarverkfræðingur. MYND/GVA

**„Það er eðli sjúkrahússtarfseminnar að vera flókin og fjölbreytileg. Bara það hvernig hlutir ferðast um húsið er sérkapítuli út af fyrir sig.**

*Ögmundur Skarphéðinsson*

## Sveigjanleiki mikilvægur

Það verða gríðarleg viðbrigði fyrir starfsfólk og sjúklinga að hafa nær alla þjónustu undir einu þaki. „Í því felst mjög mikill sparnaður í fjármunum og tíma fyrir alla aðila auk þess sem öryggi stóreykst. Þetta er mjög mikil breyting frá núverandi fyrirkomulagi.“

Meðlimir Corpus-teymisins hafa bæði öðlast mikla reynslu hérlendis og erlendis og koma með það veganesti inn í vinnuna. „Svo reynum við að tileinka okkur það besta í hönnun erlendis en það er mikil uppbygging á sambærilegum kjörnum í löndunum í kringum okkur. Þar eru menn fyrst og fremst uppteknir af því að takmarka sóun í hvaða mynd sem er, t.d á tíma, efnum, rými, orku og um leið að takmarka vegalengdir innanhúss. Það er í raun sér stúdía, hvernig hver eining hússins er tekin fyrir og skoðað hvernig starfsfólk hreyfir sig svo hægt sé að lágmarka allar hreyfingar. Sem dæmi þá má fjölga hjartaþræðingum um 1-2 á dag með því að skoða flutning sjúklinga inn í aðgerðarstofuna. Þannig er hægt að flytja biðina nær stofunni, undirbúningurinn styttist fyrir vikið og um leið er hægt að fjölga aðgerðum.“

Fyrir utan þessa flæðistúdíu þarf að hafa í huga að starfsemi og tækjabúnaður spítala breytist ört á nokkrum árum. „Því er nauðsynlegt að hanna bygginguna með það í huga að gera hana sveigjanlega þannig að hún geti tekið breytingum í tímans rás. Þannig getur skurðstofa á einni hæð verið flutt á aðra hæð á morgun. Því einkennist húsið ekki af steyptum veggjum og slíku heldur mun skipulagið innanhúss örugglega taka einhverjum breytingum milli ára. Þetta er algjörlega ný hugsun þar sem eldri spítalabyggingar eru meira niðurnjörvaðar.“

Einnig þarf að huga að öryggisþáttum, t.d. varðandi jarðskjálfta. „Bara það setur ákveðnar skorður á hönnun hússins en spítalinn þarf að vera starfhæfur strax eftir stóran jarðskjálfta ef af honum verður og því skiptir staðsetning hans á höfuðborgarsvæðinu miklu máli. Jarðskjálftaálag við Vífilsstaði er til að mynda mun hærra en við Hringbraut.“

## Gott samráð

Undanfarnir mánuðir hafa verið annasamir hjá starfsmönnum hópsins. Búið er að gera margar greiningar, endurskoða ýmsa hluti í samvinnu við starfsfólk spítalans og notendur og hefur sú vinna verið mjög gagnleg að sögn þeirra beggja. „Um er að ræða notendastýrða hönnun. Við sitjum ekki í lokuðum herbergjum og hönnum heldur reynum að hafa eins víðtækt samráð við starfsfólk spítalans og kostur er sem gerir hönnunarferlið mun markvissara. Þetta er sannarlega tímafrekur ferill en fyrir vikið verður vinna okkar hnitmiðaðri og byggingin vonandi betri fyrir vikið. Á endanum berum við þó ábyrgð á því hvernig til tekst.“

Meðferðarkjarninn mun rísa fyrir neðan Barnaspítala Hringsins, þar sem gamla Hringbrautin liggur í dag. Þar fyrir neðan mun heilbrigðissvið Háskólans hafa starfsemi sína en þar verður auk þess rannsóknarhús og fleiri byggingarnar. Áætlað er að framkvæmdir hefjist 2018 og starfsemi hefjist í húsinu 2023.

# Samræmist vel skipulagi borgar

Í núgildandi aðalskipulagi Reykjavíkur er gert ráð fyrir uppbyggingu Landspítalans við Hringbraut. **Ásdís Hlökk Theodórsdóttir,** forstjóri **Skipulagsstofnunar**, segir uppbyggingu Landspítalans við Hringbraut í ágætu samræmi við önnur skipulagsmál á höfuðborgarsvæðinu.

**Hvernig samræmist Hringbrautarverkefnið skipulagsmálum höfuðborgarsvæðisins?**
Áframhaldandi uppbygging Landspítalans við Hringbraut er í ágætu samræmi við þá stefnu um skipulagsmál sem sett hefur verið fram í landsskipulagsstefnu, í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og í aðalskipulagi Reykjavíkur.

Starfsemi Landspítalans á sér auðvitað langa sögu á þessum stað og það hefur líka lengi verið gert ráð fyrir aukinni starfsemi tengdri spítalanum í skipulagi. Þannig hefur lengi verið gert ráð fyrir færslu Hringbrautar til suðurs og samfelldu stofnanasvæði norðan hennar, tengdu lóð Landspítalans. Bygging Læknagarðs á sínum tíma er til vitnis um þetta, en hann var byggður í kringum 1980. Einnig lagning nýrrar Hringbrautar fyrir u.þ.b. 10 árum. Markmið með færslu Hringbrautar var meðal annars að sameina Landspítalalóðina beggja vegna gömlu Hringbrautar.

Í núgildandi aðalskipulagi Reykjavíkur er áfram gert ráð fyrir uppbyggingu Landspítalans við Hringbraut. Það tengist meðal annars áherslu aðalskipulagsins á þéttingu byggðar og á vaxtarpól rannsókna og nýsköpunar í Vatnsmýri sem tengir Landspítalann háskólunum og annarri þekkingarstarfsemi í Vatnsmýri. Sambærilegar áherslur er að finna í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, þar sem sett er fram stefna um þróun byggðar á höfuðborgarsvæðinu til næstu áratuga.

Nánara fyrirkomulag uppbyggingar vegna Nýs Landspítala er síðan sett fram í deiliskipulagi Landspítalans. Deiliskipulagið er ágætt dæmi um hvernig hægt er að útfæra stórar byggingar á mannlegum mælikvarða, í samhengi við nærliggjandi byggð og skapa vönduð bæjarrými.

**Hver er aðkoma Skipulagsstofnunar að Hringbrautarverkefninu?**
Bein aðkoma Skipulagsstofnunar að slíkum skipulagsákvörðunum er fyrst og fremst í gegnum samráð og ráðgjöf við sveitarfélögin við mótun skipulagstillagna. Einnig er aðal- og svæðisskipulag háð staðfestingu stofnunarinnar. Til viðbótar vinnur Skipulagsstofnun tillögu að landsskipulagsstefnu fyrir hönd umhverfis- og auðlindaráðherra, en Alþingi samþykkti síðastliðið vor í fyrsta sinn landsskipulagsstefnu. Í henni er sett fram almenn stefna um skipulagsmál. Fyrirliggjandi áform um skipulag Landspítalans við Hringbraut falla ágætlega að þeim áherslum sem þar eru settar fram.

Ákvarðanir um skipulag byggðar liggja þó fyrst og fremst hjá sveitarfélögunum. Það er því Reykjavíkurborg sem hefur haft mest með skipulag Landspítalasvæðisins að gera. Verkefni af þessari stærðargráðu koma líka inn á borð annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, því sveitarfélögin standa saman að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðsins þar sem mótuð er stefna um þróun byggðar og samgangna á höfuðborgarsvæðinu sem heild.

Þá eru svona stór verkefni auðvitað með öðrum hætti á borði fleiri stofnana ríkisins, bæði í gegnum ákvarðanir um rekstur og uppbyggingu Landspítalans, ákvarðanir um uppbyggingu á vegum Háskóla Íslands og framkvæmdir á borð við færslu Hringbrautar sem er á forræði Vegagerðarinnar. Það eru þannig ýmsir opinberir aðilar, bæði á sveitarstjórnarstigi og landsvísu, sem koma að svona stórum skipulagsverkefnum á ýmsan máta.



**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar, segir starfsemi Landspítalans eiga sér langa sögu á Hringbrautinni og að lengi hafi verið gert ráð fyrir aukinni starfsemi tengdri spítalanum í skipulagi höfuðborgarsvæðisins.** MYND/STEFÁN

# Framkvæmdasýslan veitir ráðgjöf

Hlutverk **Framkvæmdasýslu ríkisins**, FSR, er að vera leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda. Meginverkefni FSR snúa að umsjón með verklegum framkvæmdum ríkisins, allt frá undirbúningi þeirra og áætlunargerð að verklegum framkvæmdum og gerð skilamats. **Halldóra Vífilsdóttir,** forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins, segir aðkomu FSR að uppbyggingu nýs Landspítala á Hringbraut vera margþætta.

„Ábyrgð verkefnisins er í höndum NLSH en FSR veitir aðstoð og ráðgjöf við verkefnisstjórn með það að markmiði að reynsla og þekking FSR á sviði verkefnastjórnunar skili sér inn í verkefnið,“ útskýrir Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins.

Hún segir FSR hafa ábyrgðarmiklu hlutverki að gegna í notkun BIM (e. Building Information Modelling), upplýsingalíkönum mannvirkja, en aðferðafræði BIM byggir á samvinnu og upplýsingaflæði milli aðila verkefnis og eykur gæði og áreiðanleika hönnunargagna ásamt því að bæta framkvæmdaferlið.

**Fjölþættur ávinningur BIM**
„Ávinningur af BIM er fjölþættur fyrir hönnunarteymið, verktaka, eigendur eða notendur. Útbúin eru stafræn þrívíddarlíkön af mannvirkinu sem gera hönnuðum kleift að greina og betrumbæta hönnunina á ýmsa vegu. Líkönin nýtast verktaka sem getur útbúið hermun af framkvæmdinni áður en framkvæmdir hefjast og þannig hannað skilvirkara framkvæmdaferli. Eigendur nýta svo líkönin áfram til reksturs á mannvirkinu. FSR sér um Byggeweb, verkefnavef Hringbrautarverkefnisins og hefur umsjón með vinnu ráðgjafa varðandi Breeam-vottun verkefnisins en Breeam er alþjóðlegt vistvottunarkerfi. Einnig má nefna að FSR hefur metið hæfi bjóðenda í þeim útboðum sem farið hafa fram og aðstoðar við útboð. Þegar kemur að verklegri framkvæmd þá ber FSR, í samstarfi við NLSH, ábyrgð á eftirliti með verkframkvæmdinni en gerður er samningur, eftir útboð, við eftirlitsaðila um daglegt eftirlit.“



**Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins, ásamt starfsfólki. Hún segir aðkomu FSR að Hringbrautarverkefninu margþætta.** MYND/ERNIR

**Staða framkvæmda og verklok**
„Heildarverkefninu er skipt upp í fjórar byggingar: meðferðarkjarni með legudeildum, rannsóknarhús, sjúkrahótel og svo bílastæðahús sem hýsir bæði skrifstofu- og tæknihluta. Einnig mun Háskóli Íslands byggja húsnæði fyrir Heilbrigðisvísindasvið á lóðinni. Í raun er því um að ræða nokkur verkefni sem eru á mismunandi stigum,“ segir Halldóra. Meðferðarkjarninn er áætlaður um 58.500 $m^2$ að stærð. Verið er að vinna að fullnaðarhönnun og er áætlað að framkvæmdum vegna meðferðarkjarna og legudeilda verði lokið í árslok 2023. Rannsóknarhúsið er áætlað um 14.000 $m^2$. Næsta skrefið í því verkefni er að auglýsa forval vegna fullnaðarhönnunar og eru áætluð verklok framkvæmda árið 2023. Sjúkrahótelið, um 4.000 $m^2$, er í byggingu og mun það klárast á næsta ári. Framkvæmdum vegna bílastæðahúss á svo að ljúka, skv. áætlunum, árið 2021.“

**Ákvörðunin um að fara í umhverfisvottun í þessu verkefni er í samræmi við markmið stjórnvalda um að sýna fordæmi og vera fyrirmynd í að tryggja gæði og fagmennsku í byggingarframkvæmdum.**
*Halldóra Vífilsdóttir*

**Breeam-umhverfisvottun**
Sunnubraut, Kópavogi: Ca. 218 fm. arkitektsteiknað einbýlishús á frábærum stað við Sunnubraut í Kópavogi. Húsið er með upprunalegum innréttingum. Fallegur skjólsæll garður er við húsið, húsinu fylgir garðskáli og tvær verandir. Innbyggður bílskúr er á jarðhæð. Arkitekt Hannes Kr. Davíðsson.

**Verð 70 millj.**
Panta þarf tíma fyrir skoðun.

## Hlyngerði
**TVEGGJA HÆÐA EINBÝLI ÁSAMT AUKAÍBÚÐ**




Vandað tveggja hæða einbýli ásamt aukaíbúð og innbyggðum bílskúr, samtals 321,4 fm. Góð staðsetning. Frágengin lóð m/sólpalli og heitum potti. Parket og flísar á gólfum. Falleg eldhúsinnrétting frá Alno. Gott innra skipulag. Pantið tíma fyrir skoðun.

**Verð 94,9 millj.**

## Klapparstígur
**101 REYKJAVÍK**




Klapparstígur 17: 156,2 fm íbúð á efstu hæð í húsi sem byggt var 2011 á frábærum stað í 101 Reykjavík. Sérinngangur er í íbúðina sem er innréttuð í "New York loft" stíl. Þrjú svefnherbergi, tvö baðherbergi, stór stofa og opið eldhús. Tvennar svalir. Yfir hálfri íbúðinni er ómælt ris ca. 50 fm. sem getur nýst sem vinnuherbergi/sjónvarpsherbergi o.fl.
**Verð 77,9 millj.**
Panta þarf tíma fyrir skoðun.

## Skógarás, Hafnarfjörður
**HÚS Í SMÍÐUM Á FRÁBÆRUM ÚTSÝNISSTAÐ**



Frábær staðsetning í Hafnarfirði: 286,2 fm, einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðri bílageymslu. Húsið er í byggingu, gler komið í glugga og milliveggir að hluta. Húsið þarfnast lagfæringar en staðsetning við náttúruparadís er einstök. Þetta er framtíðareign á einhverjum fallegasta stað á höfuðborgarsvæðinu.

**Verð 38,5 m.**

## Hvað kostar eignin mín?
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

**Við styrkjum**
Hluti af öllum sölulaunum sem greidd eru til Foldar-fasteignasölu fer til styrktar ABC hjálparstarfi.

# GIMLI

Sími 570 4800

Fasteignasala / Grensásvegur 13
2. hæð 108 Rvk. / gimli.is

Sigþór 899 9787 Löggiltur fasteignasali · Ellert 661 1121 Löggiltur fasteignasali · Katrín 570 4800 · Hafrún 570 4800 · Árni 570 4800 Viðskiptafræðingur Löggiltur fasteignasali

## Hvers virði er eignin þín?

- Frítt verðmat
- Engin skuldbinding

**ÞEKKING • REYNSLA • ÖRYGGI**

---

# LUNDUR FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík
533-1616

**ÞÚ BORGAR EKKERT EF VIÐ SELJUM EKKI.**
**HRINGDU NÚNA OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ.**
**Sími 533 1616 • Þjónustusími 891 9916**

**ÞAÐ ER LÍKLEGRA AÐ ÞÍN EIGN VERÐI SELD EF HÚN ER Á SÖLUSKRÁ HJÁ OKKUR**

*Karl Gunnarsson*
*lögg. fasteignasali*
*s. 898 2102*

*Kristján P. Arnarsson*
*lögg. fasteignasali*
*s. 896 1188*

*Unnur Karen*
*Karlsdóttir*
*s. 698 9056*

**www.lundur.is • lundur@lundur.is**

---

# ALLT FASTEIGNIR

**SÍMI 560 5500**
www.alltfasteignir.is
alltfasteignir@alltfasteignir.is

Hafnarfirði, Grindavík, Reykjanesbæ

## HEIÐARLEIKI, FAGMENNSKA OG METNAÐUR

## SELUR ALLT

Haraldur A. Haraldsson
löggiltur fasteignasali
S: 778 7500

Þorbjörn Pálsson
löggiltur fasteignasali
S: 560 5500

Þórarinn Kópsson
löggiltur fasteignasali
S: 615 3343

Arnar Hólm
Aðstoðarmaður
S: 892 4445

Ársæll Steinmóðsson
Aðstoðarmaður
S: 896 6076

Dagbjartur Willardsson
Aðstoðarmaður
S: 861 7507

Dagný Erla Vilbergsdóttir
Aðstoðarmaður
S: 698 2977

Jón Aldar Samúelsson
Aðstoðarmaður
S: 694 2032

Páll Þorbjörnsson
Aðstoðarmaður
S: 698 6655

Elínborg Jensdóttir
Aðstoðarmaður
823-1334

Telma Magnúsdóttir
Aðstoðarmaður
S: 693 9947

Auður Pálmadóttir
Aðstoðarmaður
S: 666 1809

---

# HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

**Stofnað 1983**

**Sími 520 7500**

**Magnús Emilsson lögg. fasteignasali**
**Freyja Sigurðardóttir lögg. fasteignasali**
**Ágústa Hauksdóttir lögg. fasteignasali**
**Tinna Rún Einarsdóttir lögg. fasteignasali**
**Helgi Jón Harðarson sölustjóri**
**Hilmar Þór Bryde sölumaður**
**Hlynur Halldórsson sölumaður**
**Hildur Loftsdóttir skrifstofa**

### MÁVAHRAUN - EINBÝLI - HAFNARFIRÐI



Mjög fallegt einbýli á góðum stað, í göngufæri við alla þjónustu. Húsið er 197 fm með innbyggðum bílskúr. Húsið er mikið endurnýjað á sl. árum, gott viðhald. 4 svefnherbergi möguleiki á 5. **Verð. 63,9 millj.** uppl gefur Helgi Jón sölustj. s. 893-2233 eða helgi@hraunhamar.is

### STUÐLABERG - PARHÚS - HAFNARFIRÐI



Fallegt tvílyft parhús vel staðsett í jaðri byggðar í Setberginu í Hafnarfirði. Húsið er 151 fm og eign inni fylgir bílskúrsréttur. Þrjú svefnherb. stofa, borðstofa, eldhús og fl. Laust fljótlega. Fín eign. **V. 52,9 millj.** uppl gefur Hlynur sölumaður s. 698-2603 eða hlynur@hraunhamar.is

### LÓUÁS - EINBÝLI - HAFNARFIRÐI - LAUST STRAX



Fallegt einbýli, 206 fm. vel staðsett í Áslandshverfinu í Hafnarfirði, flott skipulag, möguleiki á fjórum svefnherbergjum, björt stofa og borðstofa,
Húsið er rúmlega tilbúið til innréttinga. **v. 59 millj.** uppl gefur Hlynur sölumaður s. 698-2603 eða hlynur@hraunhamar.is

**Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is**

---

# 101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Tjarnargata 4 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is
*Kristín Sigurey Sigurðardóttir - löggiltur fasteignasali*

Árný Ritari · Sigurlaug 891 8308 · Ólafía 898 8242 · Sigrún 857 2267 · Daði 820 8103 · Kristín 820 8101 · Helgi 615 2426

### Keilufell 4 – 111 Reykjavík




**OPIÐ HÚS – ÞRIÐJUDAGINN 25. OKTÓBER FRÁ KL. 17:30 - 18:00 - ALLIR VELKOMNIR**

Einbýlishús við Keilufell 4 á fallegum stað við Elliðaárdalinn, húsið er 253,4 fermetrar þar af er bílskúr 28,8 fermetrar. Í kjallara er aukaíbúð. **V – 52,6 millj.**

### Lóuás 6 – 221 Hafnafjörður




**OPIÐ HÚS – MÁNUDAGINN 24. OKTÓBER FRÁ KL. 17:30 - 18:00 - ALLIR VELKOMNIR**

Fallegt 206 fermetra einbýlishús í Hafnarfirði. Það eru fimm útgangar í húsinu. Virkilega snyrtileg eign sem vantar lokafrágang. **V – 59 millj.**

### Tómasarhagi – 107 Reykjavík



Afar fallega íbúð á tveimur hæðum í fallegu velviðhöldnu húsi. Íbúðin er 160,3fm ásamt 28fm bílskúr. Húsið er vel staðsett með útsýni út á Ægissíðuna. **V – 83,9 millj.**

### Álmholt – 270 Mosfellsbær



Sérhæð, innst í lokuðum botnlanga á fallegum stað í Mosfellsbæ. Tvöfaldur bílskúr tilheyrir eigninni. **V – 44,9 millj.**

**Við seljum eignir um allt land**



Á fjórðu hæð sjúkrahótelsins er rúmgóður glerskáli og þakverönd með útsýni yfir borgina í vestur.




Hönnun sjúkrahótelsins var unnin með nýrri aðferðafræði þar sem sett var upp rafrænt, þrívítt og hlutbundið líkan af mannvirkinu.



Efnisval innandyra tekur mið af starfseminni og þeirri staðreynd að dvalartími hótelgesta verður lengri en almennt gerist á hótelum. Reynt er að koma til móts við fjölbreyttar þarfir þeirra sem hótelið nota.



Við hönnunina verða tryggð hótelherbergi með góðri dagsbirtu og er stærð og staðsetning glugga þannig háttað að allir njóti góðrar dagsbirtu og útsýnis hvort sem er úr rúmi eða stólum innan herbergja. Setustofur er staðsettar þannig að sólar og skjóls njóti.

# Byggingu sjúkrahótels miðar vel

**Sjúkrahótelið** við Hringbraut er fyrsta nýbygging Nýs Landspítala. Hönnun hússins er í höndum **KOAN**-hópsins. Hönnunin tekur mið af fjölbreyttum notendahópi og verður komið til móts við mismunandi þarfir þeirra sem hótelið nota. Stefnt er að verklokum næsta vor.

Bygging nýja sjúkrahótelsins við Hringbraut gengur vel og er byggingin farin að taka á sig mynd. Í hótelinu verða 75 herbergi, veitingasalur og aðstaða fyrir fjölskyldur, auk stoðrýma. Húsið rís á norðurhluta lóðar Landspítala við Hringbraut milli Kvennadeildar, K-byggingar og Barónsstígs, áfast gamla Ljósmæðraskólanum.

### Stefnt að vistvænni vottun

Aðalhönnuðir hússins eru KOAN-hópurinn sem er samsettur af arkitektastofunum Yrki og Glámu Kími og verkfræðistofunum Conís og Raftákni. Hljóðvistarhönnun og brunatæknileg hönnun var unnin í samstarfi við Verkís og forhönnun, skipulagsgerð, hönnun gatna og lóðar var unnin af Spital-hópnum.

Að sögn Jóhannesar Þórðarsonar, arkitekts FAÍ hjá Glámu Kími, var hönnunin unnin með nýrri aðferðafræði, BIM (Building information modelling), það er gerð upplýsingalíkans mannvirkisins þar sem sett var upp rafrænt, þrívítt og hlutbundið líkan af mannvirkinu. „Við hönnunina var að auki mikil áhersla lögð á vistvæn byggingarefni og -aðferðir og er stefnt að því að byggingin hljóti vistvæna vottun samkvæmt alþjóðlegum stöðlum.“

### Tekur mið af fjölbreyttum notendahópi

Aðspurð hvað helst hafi þurft að hafa í huga við hönnun sjúkrahótelsins segir Sólveig Berg Emilsdóttir, arkitekt FAÍ hjá Yrki, að húsið sé hannað á forsendum ítarlegrar rýmisáætlunar verkkaupa og forhönnunar Spital-hópsins sem annaðist deiliskipulag Nýs Landspítala og forhönnun allra mannvirkja innan þess. „Húsið er útfært á forsendum algildrar hönnunar og tekur hönnunin mið af fjölbreyttum notendahópi. Þannig eru ellefu hótelherbergi innréttuð með þarfir hreyfihamlaðra í huga og eitt herbergi er fyrir mikið fatlaðan einstakling. Hægt er að tengja saman hótelherbergi þannig að fjölskyldur geti verið í tveimur samliggjandi herbergjum þar sem innangengt er á milli. Jafnframt er hægt að afmarka sérstakar fjölskylduálmur með setustofum þar sem er góð aðstaða til samveru og eldunaraðstaða,“ útskýrir Sólveig og bætir við að mikil áhersla hafi verið lögð á að skapa þægilega ásýnd eins og á hefðbundnu vönduðu hóteli og séu efni, innréttingar og húsgögn í móttöku, setustofu og veitingasal valin með hliðsjón af því að skapa þannig andrúmsloft.

„Hægt er að opna þessi rými út á sólríka suðurverönd á jarðhæð, þar sem setja má útihúsgögn. Þannig geta notendur boðið til sín ættingjum eða vinum og tekið á móti þeim í nærandi og vinalegu umhverfi. Að auki er á fjórðu hæð rúmgóður glerskáli og þakverönd með útsýni yfir borgina í vestur,“ segir Jóhannes.

### Verklok í vor

Sjúkrahótelið er kjallari og fjórar hæðir og mun það tengjast Barnaspítala Hringsins og Kvennadeild um tengigang í kjallara. Byggingin er 4.258 fermetrar að stærð með kjallara og tengigöngum sem tilheyra hótelinu. Húsið er staðsteypt og einangrað að utan, klætt með granítklæðningu sem er sambærileg þeirri sem er á Barnaspítala Hringsins og er útfærð í samstarfi við myndlistarmanninn Finnboga Pétursson. Steinklæðningin er í raun listskreyting hússins en listaverkið er unnið samkvæmt samkomulagi við Listskreytingarsjóð. Framkvæmdir við hótelið hófust í nóvember síðastliðnum og er stefnt að verklokum vorið 2017.

„Efnisval innandyra tekur mið af starfseminni og þeirri staðreynd að dvalartími hótelgesta verður lengri en almennt gerist á hótelum. Komið verður til móts við fjölbreyttar þarfir þeirra sem hótelið nota en miðað er við að gestirnir verði ýmist einstaklingar sem eru að jafna sig eftir aðgerðir, fólk í eftirmeðferð, rannsókn eða lyfjagjöf, og aðstandendur sjúklinga eða hótelgesta,“ lýsir Jóhannes.

„Við hönnunina eru tryggð hótelherbergi með góðri dagsbirtu og er stærð og staðsetning glugga þannig háttað að allir njóti góðrar dagsbirtu og útsýnis hvort sem er úr rúmi eða stólum innan herbergja. Setustofur er staðsettar þannig að sólar og skjóls njóti. Jafnframt er reynt að tryggja að dagsbirta nái inn á alla herbergisganga um glugga við enda þeirra og þaðan fæst einnig útsýni út yfir borgina eða út á svæði Landspítalans,“ segir Sólveig.



Arkitektarnir Sólveig Berg Emilsdóttir og Jóhannes Þórðarson eru hluti af KOAN hópnum sem sér um hönnun sjúkrahótelsins. MYND/EYÞÓR

# Landfræðileg nálægð lykilatriði

Uppbygging nýs Landspítala við Hringbraut hefur mikla þýðingu bæði fyrir **Háskóla Íslands** og Landspítalann að mati **Jóns Atla Benediktssonar**, rektors HÍ. Hann segir oft gleymast í umræðunni að spítalinn er ekki aðeins sjúkrastofnun heldur líka kennslustofnun.

„Landspítalinn er stærsti samstarfsaðili Háskóla Íslands og báðar stofnanir starfa í reynd sem órofa heild og mynda til samans öflugt háskólasjúkrahús. Það vill oft gleymast í umræðunni um framtíðarstaðsetningu spítalans að hann er ekki aðeins sjúkrastofnun heldur jafnframt mikilvægasta kennslu-, þjálfunar- og rannsóknastofnun landsins fyrir stúdenta og heilbrigðisstarfsfólk.“

### Ríflega tvö þúsund nemendur

Jón Atli segir mesta samstarfið á milli heilbrigðisvísindasviðs Háskólans og Landspítalans, en öll fræðasviðin fimm sem starfa innan Háskóla Íslands starfa með einum eða öðrum hætti með spítalanum. „Við heilbrigðisvísindasvið eru ríflega tvö þúsund nemendur sem leggja stund á læknisfræði, hjúkrunarfræði, lyfjafræði, sálfræði, sjúkraþjálfun, tannlæknisfræði, geislafræði, lífeindafræði, talmeinafræði o.fl. Akademískir starfsmenn heilbrigðisvísindasviðs eru um þrjú hundruð talsins og um hundrað þeirra eru sameiginlegir starfsmenn beggja stofnana. Árangur öflugs samstarfs stofnananna birtist ekki síst á sviði vísindastarfsins og eru heilbrigðisvísindi eitt sterkasta fagsvið háskólans á alþjóðlega vísu.“

Nálægð spítalans við háskólann er að sögn Jóns Atla lykilatriði. „Við Íslendingar erum fámenn þjóð og er mikilvægt að samnýta aðstöðu og innviði þjóðarsjúkrahússins og þjóðskólans eins og framast er unnt. Nálægð Nýs Landspítala við Háskóla Íslands skiptir því öllu máli, en starfsemi spítalans og heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands er nú dreifð um alla borg. Bygging nýs spítala við Hringbraut þjónar því ótvírætt því markmiði að stuðla að bættri heilbrigðisþjónustu, tryggja gæði menntunar og þjálfunar stúdenta og heilbrigðisstarfsfólks og skapa aðstæður fyrir öflugt rannsókna- og nýsköpunarstarf á sviði heilbrigðisvísinda. Með öllu þessu styrkjum við stöðu háskólasjúkrahússins okkar í harðri samkeppni við bestu háskólasjúkrahús í heimi um hæfa nemendur, starfsfólk og fjármuni.“

Jón Atli segir einnig vert að hafa það í huga að auk Háskóla Íslands og Landspítalans eru í næsta nágrenni Íslensk erfðagreining, Háskólinn í Reykjavík og ört vaxandi Vísindagarðar Háskóla Íslands þar sem þekkingarfyrirtæki á sviði heilbrigðisvísinda munu verða fyrirferðarmikil í framtíðinni. „Markviss uppbygging þekkingarþorps á þessu svæði skapar samlegðaráhrif og gríðarleg tækifæri til framtíðar.“

### Undirstaða velferðar

Jón Atli segir nauðsynlegt að tryggja að Landspítalinn og Háskóli Íslands geti haldið áfram sínu nána samstarfi og er landfræðileg nálægð mikilvæg í því samhengi. „Einnig má benda á að ekki yrði mögulegt að byggja undir heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands á öðrum stað nema með mjög miklum viðbótarstuðningi frá stjórnvöldum. Háskólinn og Landspítalinn eiga það sameiginlegt að báðar stofnanir hafa verið undirfjármagnaðar um árabil. Menntun, heilbrigði og vísindastarf eru hins vegar undirstaða velferðar og hagsældar þjóða. Það eru því gríðarlegir hagsmunir í húfi fyrir Ísland að þessum fjöreggjum okkar verði ekki teflt í hættu heldur verði forgangsraðað í þeirra þágu og þeim tryggðar auknar fjárveitingar. Þannig munum við geta átt áfram eitt besta heilbrigðiskerfi í heimi og jafnframt stutt að Háskóli Íslands verði áfram meðal 1-2% bestu háskóla á alþjóðavísu skv. mælingu Times Higher Education World University Rankings. Við megum engan tíma missa og það verður að stíga ákveðin skref í þessu efni strax.“

> **Ekki yrði mögulegt að byggja undir heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands á öðrum stað nema með mjög miklum viðbótarstuðningi frá stjórnvöldum. Háskólinn og Landspítalinn eiga það sameiginlegt að báðar stofnanir hafa verið undirfjármagnaðar um árabil. Menntun, heilbrigði og vísindastarf eru hins vegar undirstaða velferðar og hagsældar þjóða.**
>
> *Jón Atli Benediktsson*



Bygging nýs spítala við Hringbraut þjónar að sögn Jóns Atla því markmiði að stuðla að bættri heilbrigðisþjónustu, tryggja gæði menntunar og þjálfunar stúdenta og heilbrigðisstarfsfólks og skapa aðstæður fyrir öflugt rannsókna- og nýsköpunarstarf á sviði heilbrigðisvísinda. MYND/PJETUR

# Samstarf er undirstaða öflugs heilbrigðiskerfis

Heilbrigðismál eru einhver mikilvægustu mál samfélags. Margir hafa þó að mati **Ara Kristins Jónssonar,** rektors **Háskólans í Reykjavík**, fulleinfalda mynd af þeim og hugsa kerfið fyrst og fremst út frá sjúkrahúsum. Til þess að hægt sé að viðhalda skilvirku og öflugu heilbrigðiskerfi þá þurfa margir þættir að koma saman. Meðal þeirra mikilvægustu eru að sögn Ara menntun, rannsóknir og nýsköpun.

„Eitt af þeim hugtökum sem rutt hefur sér mjög til rúms á liðnum árum er klasasamstarf. Hugmyndin á bak við klasa er að stofnanir og fyrirtæki sem koma að ákveðnum viðfangsefnum vinni saman, en lykillinn að slíku samstarfi er að það einskorðist ekki við aðila í sama geira heldur tengi saman ólík viðfangsefni og nálganir. Sterkur vísir að slíkum klasa er þegar til staðar í miklu og góðu samstarfi milli Landspítala og stóru háskólanna í nágrenninu, Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands. Það samstarf tengist svo fjölmörgum öðrum fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi, sem öll leggja sitt af mörkum til að efla heilbrigðiskerfið,“ segir Ari

Háskólinn í Reykjavík hefur að sögn Ara lagt ríka áherslu á að efla tæknimenntun og tækniþekkingu hér á landi. „Meðal þess sem háskólinn hefur lagt þar til eru menntun og rannsóknir í heilbrigðisverkfræði (e. biomedical engineering). Þegar kemur að menntun á því sviði er lögð áhersla á þróun og nýtingu tækni fyrir heilbrigðiskerfið, en ekki þarf að fara mörgum orðum um það hversu mikil og góð áhrif tækniframfarir hafa haft á heilbrigðiskerfið. Háskólinn í Reykjavík hefur útskrifað fjölda einstaklinga sem hafa þekkingu á verkfræði-, tækni- og læknisfræðilegum undirstöðum. Í rannsóknum á sviði heilbrigðisverkfræði er unnið að þróun tækni og aðferða sem nýtast í að bæta heilbrigði og þjónustu. Landspítalinn og HR reka saman sérstaka rannsóknarstofu til að vinna að þróun nýrrar tækni og samnýta sérfræðinga á báðum stöðum í þeim verkefnum.“

Ari segir fjölmargt þegar hafa komið út úr því samstarfi og fjöldamörg verkefni bíða lausna. „Til að nefna aðeins eitt dæmi þá hefur verið þróuð þar tækni til að búa til þrívíddarlíkön sem nýtast til að aðstoða við undirbúning flókinna skurðaðgerða. Háskólinn í Reykjavík leggur áherslu á að halda áfram að efla gott samstarf við Landspítalann og aðra aðila í þessum geira, til að tryggja að menntun, nýsköpun og rannsóknir skili sér sem allra best í skilvirku og öflugu heilbrigðiskerfi fyrir íslenskt samfélag.“



Landspítalinn og Háskólinn í Reykjavík reka saman sérstaka rannsóknarstofu til að vinna að þróun nýrrar tækni og samnýta sérfræðinga á báðum stöðum í þeim verkefnum. MYND/VILHELM

> **HR heldur áfram að efla gott samstarf við spítalann.**
>
> *Ari Kristinn Jónsson*

# Frestun á verkefninu hefur margvíslegar afleiðingar

**Landspítalalóðin** við gömlu Hringbraut hefur verið hugsuð sem samfellt svæði þjóðarsjúkrahúss frá níunda áratugnum og með færslu Hringbrautar var það skipulag enn frekar fest í sessi. Samkvæmt núverandi verkáætlun er gert ráð fyrir að uppbyggingu á svæðinu ljúki í árslok 2023. Yrði spítalanum hins vegar fundinn annar staður myndi það seinka afhendingu hans um tíu til fimmtán ár.

Vorið 2014 ákvað Alþingi með samþykkt þingsályktunar að fela ríkisstjórninni að ljúka eins fljótt og verða má undirbúningi á endurnýjun og uppbyggingu Landspítala við Hringbraut í Reykjavík og hefja framkvæmdir þegar fjármögnun hefði verið tryggð. Þverpólitísk samstaða myndaðist á Alþingi um ályktunina sem var samþykkt með 56 samhljóða atkvæðum en sjö voru fjarstaddir. Á grundvelli þessarar ályktunar eru m.a. framkvæmdir við uppbyggingu spítalans við Hringbraut hafnar og áætluð verklok eru í lok árs 2023.



Stefnt er að því að byggingaframkvæmdum við nýjan spítala ljúki í árslok 2023. Hér er mynd af framkvæmdum við sjúkrahótel sem nú eru í fullum gangi.

### Löng saga skipulagsvinnu

Ráðherra málaflokksins var í vor einnig spurður út í sama mál og um miðjan september svaraði hann skriflegri fyrirspurn Kristjáns L. Möller, þingmanns Samfylkingarinnar. Í svari Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra er saga skipulagsvinnu við Nýjan Landspítala við Hringbraut rakin. Þar er þess getið að allt frá staðfestingu aðalskipulags Reykjavíkur 1984-2004 árið 1988 hafi verið gert ráð fyrir samfelldu stofnanasvæði norðan nýrrar Hringbrautar að Barónsstíg og Eiríksgötu í norðri. Tveimur árum eftir sameiningu Sjúkrahúss Reykjavíkur og Landspítalans um aldamótin síðustu hafi svo verið ákveðið að framtíðaruppbygging spítalans yrði við Hringbraut.

### Mikil vinna til einskis

Ráðherra segir að ef horfið verði frá núverandi verkáætlun og gera ætti ráð fyrir framtíðaruppbyggingu Landspítala annars staðar þyrfti að taka tillit til þess að skipulagsferli og útfærslu byggðar þurfi ávallt að vinna út frá staðbundnum aðstæðum á þeim stað sem í hlut á. Það myndi því þýða breytingar á svæðisskipulagi, breytingar á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags og deiliskipulagsgerð. Einnig þyrfti að vinna greiningar og fara í gegnum samráðsvinnu við hagsmunaðila og útfæra tillögugerð. Vandséð sé að sú skipulagsvinna, sem þegar liggur fyrir, fyrir Landspítalabyggingu við Hringbraut kæmi þar að miklu gagni.

**» Vandséð er að núverandi áratuga skipulagsvinna fyrir Landspítalabyggingu við Hringbraut kæmi að miklu gagni á öðrum stað.**

Í svarinu kemur einnig fram að vandséð er að núverandi áratuga skipulagsvinna fyrir Landspítalabyggingu við Hringbraut kæmi að miklu gagni á öðrum stað. Samkvæmt mati Framkvæmdasýslu ríkisins og Skipulagsstofnunar má ætla að ef hafist yrði handa við uppbyggingu á nýjum Landspítala á nýjum stað mundi það seinka afhendingu hans um tíu til fimmtán ár.

### Áætluð verklok

Eins og áður segir er stefnt að því að byggingaframkvæmdum við nýjan spítala ljúki í árslok 2023. Verklok sjúkrahótels eru áætluð árið 2017, bílastæðahúss árið 2021 og meðferðarkjarna, rannsóknarhúss auk frágangs á lóð árið 2023.

# Landssamtökin Spítalinn okkar

Landssamtökin **Spítalinn okkar** samanstanda af áhugafólki um góða heilbrigðisþjónustu. Félagsmenn eru af landinu öllu og halda samtökin úti málþingum og fræðslu um Nýja Landspítalann. **Anna Stefánsdóttir** er formaður stjórnar samtakanna.

Við stofnuðum samtökin árið 2014 með það að markmiði að afla stuðnings meðal almennings og stjórnvalda við nauðsynlegar úrbætur á húsakosti Landspítala og kynna áætlanir um endurnýjun og viðbætur við húsnæðið,“ útskýrir Anna Stefánsdóttir, hjúkrunarfræðingur og formaður stjórnar Landssamtakanna Spítalinn okkar.

„Við erum óháð samtök, hópur af fólki alls staðar að af landinu, sem hefur brennandi áhuga á uppbyggingu Landspítala og á heilbrigðiskerfinu heilt yfir. Starfsemin gengur út á fræðslu og við höfum staðið fyrir þremur málþingum, þau tvö ár sem samtökin hafa verið starfandi,“ segir Anna.

Þriðja málþingið fór fram 6. október og bar yfirskriftina Spítalinn rís en þar fluttu Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, Guðrún Nordal, forstjóri Árnastofnunar, og Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri Nýs Landspítala, erindi. „Þar horfðum við til framtíðar. Við lítum þannig á að það að byggja nýtt hús undir Landspítala sé hluti af sameiningu sem hófst árið 2000. Þá var lofað að það yrði byggt og síðan eru liðin 16 ár. Við sem tókum þátt í vinnunni við þá sameiningu erum orðin langeygð eftir þessu en nú eru framkvæmdir loks hafnar. Okkar starf mun þó halda áfram. Við höldum úti heimasíðunni www.spitalinnokkar.is þar sem er að finna margs konar upplýsingar og fróðleik.


Anna Stefánsdóttir, hjúkrunarfræðingur og formaður stjórnar Landssamtakanna Spítalinn okkar, þekkir vel aðstæður eftir 40 ára starf á Landspítalanum. MYND/GVA

**„ Við erum óháð samtök, hópur af fólki alls staðar að af landinu, sem hefur brennandi áhuga á uppbyggingu Landspítala og á heilbrigðiskerfinu heilt yfir. Starfsemin gengur út á fræðslu og við höfum staðið fyrir þremur málþingum þau tvö ár sem samtökin hafa verið starfandi.**

*Anna Stefánsdóttir*

Í samtökunum eru um eitt þúsund félagsmenn og af öllu landinu, bæði fólk innan heilbrigðisþjónustunnar og fólk úr öðrum geirum. Sjálf er Anna hjúkrunarfræðingur og starfaði á Landspítalanum í fjörutíu ár.

„Þegar ég hætti að starfa hafði ég tekið þátt í að undirbúa nýbygginguna og þekkti því til verkefnisins. Ég þekki einnig aðstæður á Landspítalanum vel, bæði vinnuaðstöðu og aðbúnað sjúklinga. Í samtökunum eru margir starfsmenn Landspítalans og fólk sem hefur einhvern tímann unnið þar. Þetta fólk þekkir aðstæður vel. Þá eru einnig í samtökunum fólk sem hefur legið inni á spítalanum, aðstandendur sjúklinga og alls konar fólk sem á það sameiginlegt að hafa áhuga á að byggja upp gott heilbrigðiskerfi.“



# Sýn fulltrúa flokka á uppbyggingu þjóðarsjúkrahúss

Fulltrúar framboða til alþingiskosninga voru inntir eftir sinni sýn varðandi uppbyggingu nýs þjóðarsjúkrahúss við Hringbraut.*

**Frá framkvæmdum við nýtt sjúkrahótel sem áætlað er að verði tekið í notkun á næsta ári.**

## ÞORBJÖRG SIGRÍÐUR GUNNLAUGSDÓTTIR

***Viðreisn***



Það blasir við að það þarf að endurnýja þjóðarsjúkrahús okkar. Flestar þeirra fjölmörgu bygginga sem hýsa starfsemi spítalans voru byggðar upp úr 1950. Núverandi aðstaða svarar ekki nútímakröfum sem gerðar eru til spítala, hvorki þegar litið er til hagsmuna sjúklinga né til aðstæðna starfsfólks. Það mætti nýta þá fjármuni sem fara í að reka starfsemi Landspítalans á þennan óhagkvæma hátt mun betur. Hvað varðar staðsetningu spítalans þá er besti kosturinn sá að halda áfram uppbyggingunni við Hringbraut. Sú staðsetning er auðvitað ekki fullkomin og hún er umdeild. Kostirnir eru hins vegar meiri en gallarnir, ekki síst þeir að nýta þær byggingar sem fyrir eru. Þar skiptir Barnaspítalinn mestu auk þess sem nálægðin við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og þekkingarsamfélagið sem er að byggjast upp í Vatnsmýrinni styður við háskólasjúkrahúsið okkar. Þá skiptir miklu hvert mat fagaðila er – svo sem forstjóra Landspítalans og landlæknis – en það er að við getum einfaldlega ekki beðið. Við getum ekki frestað þessum framkvæmdum frekar og farið á byrjunarreit í ferlinu sem tefur uppbygginguna spítalans enn frekar. Þörfin á nýjum spítala blasir við og uppbyggingarferlið er liður í viðreisn heilbrigðiskerfisins. Samhliða endurnýjun þjóðarsjúkrahússins þarf að endurskoða greiðsluþátttöku sjúklinga, því það er ólíðandi að fólk hafi ekki efni á heilbrigðisþjónustu, að þeir sem veikjast alvarlega þurfi að búa við fjárhagsáhyggjur. Við viljum að allir geti leitað á nýjan spítala, óháð efnahag.

## ÞORVALDUR ÞORVALDSSON

***Alþýðufylkingin***



Alþýðufylkingin styður heils hugar uppbygginu Landspítalans við Hringbraut. Við lítum á hana sem mikilvægan þátt í eflingu heilbrigðisþjónustu um allt land á félagslegum forsendum. Með félagsvæðingu innviða samfélagsins opnast stórkostleg tækifæri til að byggja upp gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu fyrir alla og auka þannig jöfnuð og lífsgæði í samfélaginu.

## ELSA LÁRA ARNARDÓTTIR

***Framsóknarflokkur***



Framsóknarmenn vilja að nýr Landspítali verði tilbúinn sem fyrst. Spítali þar sem allar deildir fá rými í nýrri byggingu. Byggingu þar sem það verður góð aðstaða, bæði fyrir sjúklinga og starfsfólk. Framsóknarmenn vilja að Nýr Landspítali rísi annars staðar en við Hringbraut og telja að sú uppbygging muni taka styttri tíma og valda minni óþægindum fyrir bæði sjúklinga og starfsfólk spítalans. Mæta má bráðavanda Landspítala með því að nýta auðar deildir á þeim heilbrigðisstofnunum sem eru í nágrenni Reykjavíkur.

***Leitað var álits allra framboða.**

## PÁLL VALUR BJÖRNSSON

***Björt framtíð***



Björt framtíð styður byggingu nýs Landspítala samkvæmt áætlunum þar um. Nýtt húsnæði fyrir þjónustu Landspítalans hefur verið forgangsmál stjórnenda og starfsmanna spítalans í mörg ár. Endurnýjun og viðhald á eldri byggingum eru mikilvæg verkefni um leið og hugað er að nýjum byggingum. Tryggja þarf öryggi sjúklinga og starfsfólks í núverandi húsnæði um leið og hraðað er uppbyggingu spítalans við Hringbraut.

## ÁSMUNDUR FRIÐRIKSSON

***Sjálfstæðisflokkur***



Þegar ég var kominn í hóp þingmanna sem bar að taka ákvörðun um staðsetningu nýs þjóðarsjúkrahúss leitaði ég eftir og hlustaði á rök þeirra sem best og gleggst þekkja málið. Sjálfur hafði ég myndað mér skoðun á málinu en niðurstaða mín er að við hvikum ekki frá því að byggja sjúkrahúsið við Hringbraut. Í kjaradeilu lækna og hjúkrunarfólks 2015 var þung krafa um byggingu sjúkrahússins við Hringbraut og að hönnun bygginganna yrði lokið og uppbygging færi af stað sem fyrst. Ég tók undir þá kröfu og greiddi henni atkvæði mitt. Jafnframt er það skoðun mín að innan skamms tíma þurfi að fara í gang vinna sem horfir til enn lengri framtíðar varðandi uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar í landinu og á höfuðborgarsvæðinu. Framtíðarsýn heilbrigðisþjónustunnar í landinu verður að vera í stöðugri skoðun með það að markmiði að hámarka gæði hennar, aðstöðu starfsmanna og sjúklinga. Þá er mikilvægt að kjör heilbrigðisstétta verði áfram með því besta sem þekkist og við löðum okkar heilbrigðisfólk til að vinna heima.

## STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

***Vinstri grænir***



Við Vinstri græn höfum tekið mjög einarða afstöðu með byggingu nýs Landspítala-Háskólasjúkrahúss og stutt það með ráðum og dáð allt frá því á fyrri hluta síðasta kjörtímabils. Okkar niðurstaða er löngu orðin sú að eini raunhæfi kosturinn og sá sem lang fyrst komist í gagnið séu núverandi plön um bygginu meðferðarkjarna og rannsóknaraðstöðu við Hringbraut, tækjakaup og búnaður inn í þá aðstöðu og svo endurnýjun þess húsakosts við Hringbraut sem verður áfram nýttur. Þegar er verið að byggja sjúkrahótel á lóðinni og byggingu fyrir jáeindaskanna, hönnunarsamkeppni fyrir stóru nýbyggingarinnar er í fullum gangi o.s.frv., þannig að allt of mikill tími og fjármunir færu að okkar dómi í súginn ef horfið yrði frá þessari lausn, það þolir enga og minna en enga bið að bæta úr aðstöðunni á LSH og það ræður miklu um okkar afstöðu.

## SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR

***Samfylking***



Við í Samfylkingunni viljum flýta nýjum byggingum Landspítala við Hringbraut. Við erum löngu fallin á tíma. Við höfum staðið með verkefninu frá upphafi, bæði á Alþingi og ekki síður í skipulagsvinnunni í Reykjavíkurborg. Þjóðarsjúkrahúsið er rekið í byggingum sem flestar eru margra áratuga gamlar og standast ekki kröfur nútíma heilbrigðisþjónustu. Með nýju byggingunum getum við betur tryggt öryggi sjúklinga og bætt allar aðstæður þeirra, breytingar á vinnuaðstöðu starfsfólks verða byltingarkenndar og vísindastarfið eflist með nálægðinni við heilbrigðisvísindasvið og háskólasamfélagið. Samfylkingin er með metnaðarfulla heilbrigðisstefnu. Við ætlum að gera heilbrigðisþjónustuna gjaldfrjálsa, stórefla heilsugæsluna og eyða biðlistum. Nýtt þjóðarsjúkrahús er lykill að heilbrigðiskerfi í fremstu röð.

## EINIR G.K. NORMANN

***Flokkur fólksins***



Flokkur fólksins vill nýtt hátæknisjúkrahús og er svæðið við Vífilsstaði kjörið þar sem það hentar betur en núverandi svæði, það er meira miðsvæðis fyrir stórhöfuðborgarsvæðið. Teljum við núverandi svæði sprungið umferðarlega séð og húsakost Landspítala í of mikill niðurníðslu vegna lélegs viðhalds undanfarinna áratuga. Flokkur fólksins hefur litið svo á að undirskriftasöfnun Kára, þar sem um það bil níutíu þúsund undirskriftir voru skráðar, séu skýr skilaboð til stjórnvalda og er það ástæða þess að Flokkur fólksins hefur ekki einu sinni talið þetta sem kosningamál, þetta er svo sjálfsagt!

## OLGA CILIA

***Píratar***



Við viljum halda áfram með þá uppbyggingu sem á sér nú stað á Hringbraut. Ef færa á spítalann þarf að taka ákvörðun um það út frá bestu upplýsingum sem liggja fyrir. Auk þess er eitt af fimm áherslumálum fyrir komandi kjörtímabil að endurreisa gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu. Vandamálið er ekki staðsetningin heldur skortur á fjármagni.

## JÚLÍUS VALDIMARSSON

***Húmanistaflokkurinn***



Við Húmanistar leggjum áherslu á rétta uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar. Mikilvægt er að endurgera Landspítalann svo að hann verði nothæfur. Huga þarf að framtíðaruppbyggingu nýs spítala meðal annars vegna aukins mannfjölda á Íslandi og vegna stóraukins fjölda innflytjenda sem Húmanistaflokkurinn vill að setjist hér að.

# Uppbygging Landspítala brýnt öryggismál sem ekki má bíða

**Landspítali** er í dag á 17 stöðum í höfuðborginni í 100 húsum en rúmlega helmingur þeirra var reistur fyrir árið 1970. Húsin svara ekki nútímakröfum og viðhald þeirra hefur árum saman verið ófullnægjandi. **Páll Matthíasson**, forstjóri Landspítalans, segir þörfina fyrir nýtt húsnæði undir starfsemi spítalans knýjandi og beinlínis öryggismál. Við megum engan tíma missa.

### Þrengsli alvarleg öryggisógn

„Lélegt og þröngt húsnæði setur okkur verulegar skorður í þjónustu við sjúklinga. Þjóðarsjúkrahúsið okkar hefur því miður ekki verið fært um að þjónusta veikt fólk með fullnægjandi hætti þar sem ekki eru nægilega mörg rými á spítalanum,“ segir Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans.

Hann segir aðstreymi sjúklinga mikið og hafi aukist jafnt og þétt síðustu ár vegna öldrunar þjóðarinnar, fjölgunar ferðamanna og langvinnra sjúkdóma.

Gangainnlagnir og yfirlagnir á bráðalegudeildir hafa verið daglegt brauð með tilheyrandi óþægindum fyrir sjúklinga og álagi á starfsfólk. „Þrengslin eru alvarleg ógn við öryggi sjúklinga, t.a.m. með tilliti til sýkingavarna,“ segir Páll.

### 9.000 flutningar sjúklinga á ári

Í dag eru fimm bráðamóttökur á fimm stöðum. Á hverju ári eru um 9.000 flutningar sjúklinga milli Fossvogs og Hringbrautar. Þá eru farnar um 25.000 ferðir með sýni á milli staða auk þess sem margir starfsmenn starfa á báðum stöðum. Áætlað er að hver flutningur á sjúklingi tefji útskrift hans um einn dag.

„Það þýðir að vegna þessa nýtast ekki 25 legurými á ári einungis vegna flutninga. Það er afar erfitt að horfa upp á slíka sóun þegar

> **Ávinningurinn felst í auknu öryggi fyrir sjúklinga.**

skortur á rýmum er jafn mikill og raun ber vitni.“

### Hjartað í starfseminni

„Nýr meðferðarkjarni verður hjartað í starfsemi spítalans og jafnframt stærsta framkvæmdin í heildaruppbyggingu Landspítala við Hringbraut. Þar verða skurðstofur, gjörgæslur og bráðamóttökur sameinaðar á einn stað auk þess sem þar verða legudeildir og myndgreining. Með því að sameina starfsemina á einn stað munum við getað sameinað vaktir og nýtt tæki og þekkingu betur.“ segir Páll.

„Ávinningurinn felst auðvitað fyrst og fremst í auknu öryggi fyrir sjúklinga en hann er líka fjárhagslegur. KPMG hefur metið árlegan ávinning vera í kringum 6 prósent af rekstrarkostnaði spítalans eða tæpir þrír milljarðar króna. Húsnæðið verður skipulagt út frá starfsemi bráðasjúkrahúss. Við munum ekki lengur þurfa að aðlaga starfsemina að óhentugu og gömlu húsnæði. Sjúklingurinn er í öndvegi og þarfir hans hafðar að leiðarljósi í allri hönnun og skipulagi.“



Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, segir knýjandi þörf á nýju húsnæði undir starfsemi Landspítala. MYND/LSH

### Aðgerðum frestað vegna plássleysis á gjörgæslu

„Undanfarna mánuði höfum við ítrekað þurft að fresta stórum aðgerðum þar sem gjörgæslur eru fullar. Álag þar hefur aukist eins og annars staðar, m.a. vegna mikillar aukningar erlendra ferðamanna,“ segir Páll.

Þegar álagið er hvað mest hafi tugum aðgerða verið frestað í viku hverri, stundum upp undir þriðjungi allra fyrirhugaðra aðgerða. „Ég fullyrði að frestanir á aðgerðum vegna plássleysis á gjörgæslu munu heyra sögunni til þegar byggingu nýs meðferðarkjarna verður lokið. Í dag höfum við samtals 14 gjörgæslurými á tveimur stöðum; Fossvogi og Hringbraut. Í nýjum meðferðarkjarna verða 24 fullkomin einbýli sem er aukning um 70 prósent frá núverandi ástandi auk þess sem aðbúnaður verður miklu betri. Öll rýmin verða á einum stað þannig að nýting á starfsfólki og búnaði verður mikið betri.

Frestun á aðgerðum vegna plássleysis er því miður aðeins eitt af fjölmörgum dæmum um þá öryggisógn og þjónustubrest sem er samfara afgömlum, alltof litlum og alltof dreifðum húsum Landspítala. Uppbyggingu við Hringbraut sem nú er hafin mun ekki ljúka degi of snemma. Það er einfaldlega öryggismál þjóðarinnar að ljúka henni sem fyrst.“

# Styður nýjan spítala við Hringbraut

**Dagur B. Eggertsson**, læknir og borgarstjóri, styður heilshugar byggingu nýs spítala við Hringbraut. Hann segir að Landspítalinn sé lykilatriði til að skapa þekkingarsamfélag í Vatnsmýri. **Reykjavíkurborg** hefur unnið að skipulagi svæðisins lengi.

Dagur segist styðja uppbyggingu nýs spítala með tengingu við þekkingarsamfélagið í Vatnsmýri heilshugar. „Ég held að okkur hætti til að vanmeta hvað öflugt samspil þekkingarstofnana skiptir miklu máli til að skapa gott umhverfi fyrir framsækin fyrirtæki og skapa spennandi störf fyrir ungt fólk,“ segir hann. „Landspítalinn er í mínum huga órjúfanlegur hluti af spennandi vaxtarsvæði sem byggir á samstarfi þess fólks sem vinnur í Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og á Landspítalanum. Heilbrigðissviðið er ein af kjölfestum vísindastarfs svæðisins og þar með landsins.“

Hann segir staðsetningu spítalans hafa verið skoðaða mjög vandlega. „Landspítalinn er lykilatriði til að skapa þekkingarsamfélag í Vatnsmýri sem stenst alþjóðlega samkeppni. Það er mikið talað um umferð en staðreyndin er sú að spítalastarfsemi skapar miklu minni umferð en ef á sama svæði væru til dæmis íbúðir eða hótel. Lóðirnar hafa að stórum hluta verið fráteknar í áratugi og bíða í raun eftir að á þeim sé byggt þótt slíkt sé alltaf vandasamt í þegar byggðu umhverfi. Lagning nýju Hringbrautar á sínum tíma voru breytingar sem ráðist var í vegna Nýs Landspítala sem segir manni kannski hvað þetta mál hefur tekið langan tíma. Forgangsakstur neyðarbíla var líka nýlega settur upp á gatnamótunum við Snorrabraut og Hringbraut þannig að aðkoma og aðgengi að spítalanum til framtíðar er orðið mjög gott. Umferðarsköpun vegna starfseminnar er hins vegar mun minni en t.d. háskólanna, vegna þess að starfsemi spítalans dreifist betur yfir daginn og skapar ekki nærri eins mikla umferð á álagstímum.“



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og læknir.

### Efasemdir um tíma

Þegar Dagur er spurður hvort hann hafi verið með eða á móti uppbyggingu spítalans við Hringbraut, svarar hann. „Ég held að allir sem komi að þessu máli hafi leyft sér að hafa efasemdir um staðsetninguna og umfangið. Það átti líka við mig. Eftir að hafa skoðað það frá öllum hliðum árum saman og vegið málið og metið er ég hins vegar orðinn mjög eindreginn talsmaður þess að byggja við spítalann við Hringbraut og tel reyndar að það verkefni megi alls ekki frestast eða bíða.

Núna er spítalinn á tveimur stöðum; í Fossvogi og við Hringbraut. Ef við færum svo að byggja nýjan spítala á þriðja staðnum, þá þyrfti líka að ráðast í uppbyggingu á nýjum Barnaspítala, nýjum meðferðarkjarna, Kvennadeild og nýjum innviðum sem þegar eru til staðar við Hringbraut. Á meðan á byggingu stæði værum við með spítala á þremur stöðum í borginni til margra ára, því það er ekki gefið að þetta gerist í einum rykk.

> **Það er mikið talað um umferð en staðreyndin er sú að spítalastarfsemi skapar miklu minni umferð en ef á sama svæði væru til dæmis íbúðir eða hótel.**
>
> *Dagur B. Eggertsson*

Ef kæmi kröftugur efnahagslegur samdráttur á byggingatímanum þannig að framkvæmdir stöðvuðust áður en þeim væri lokið að fullu, gætum við meira að segja setið uppi með spítala á þremur stöðum árum saman. Ég má ekki til þess hugsa.“

### Flugvöllur skiptir ekki máli

Dagur segir tengsl spítalans við flugvöllinn ekki skipta máli. „Staðsetning spítalans og flugvallarins eru ekki háðar hvor annarri, sem sést best á því að ýmsir sem vilja flytja spítalann á annan stað eru oft þeir sem vilja alls ekki færa flugvöllinn! Spítalar standa almennt ekki við flugvelli en það er hins vegar mikilvægt að tryggja góðar samgöngur við næsta flugvöll. Því má heldur en ekki gleyma að gert er ráð fyrir lendingarpalli fyrir sjúkraþyrlur á toppi rannsóknarkjarnans,“ segir hann.

# Fólkið á bak við Nýja Landspítalann

Í Hringbrautarverkefninu, hjá opinbera hlutafélaginu **Nýjum Landspítala ohf.** (NLSH), starfar samhentur hópur með mikla þekkingu og reynslu úr hönnunar- og framkvæmdaverkefnum á byggingarsviði, en einnig í verkefnum á heilbrigðistæknisviði. Samráðsþátturinn er mjög mikilvægur í verkefninu og hundruð aðila eru í samstarfi við NLSH ohf.



**Starfsmenn NLSH ohf. Frá vinstri: Ásdís Ingþórsdóttir, Magnús Heimisson, Gísli Georgsson, Gunnar Svavarsson, Erlendur Árni Hjálmarsson og Ásbjörn Jónsson.** MYND/EYÞÓR

„Hver og einn verkefnastjóri hefur sitt sérsvið og mikil áhersla er lögð á sérhæfingu hvers og eins innan verkefnisins," segir Gunnar Svavarsson, verkfræðingur og framkvæmdastjóri NLSH. Hann segir ávallt gætt að því að allir verkefnastjórar séu upplýstir um heildarverkefnið og einstaka þætti þess þannig að hver og einn geti verið traust bakland fyrir vinnufélaga sína. „Þannig nýtist einnig sú sérhæfing sem hver starfsmaður býr yfir hópnum í heild," segir Gunnar. Verkefnastjórar skrifstofunnar vinna í samvinnu við innlenda og erlenda ráðgjafa að hönnun og fá einnig góða innsýn notenda, en um er að ræða notendastudda hönnun.

Gunnar hefur verið í forsvari Hringbrautarverkefnisins frá haustinu 2009. Hans fyrri störf hafa einkum verið á sviði fyrirtækja- og verkefnisstjórnunar. Hann stofnaði Aðalskoðun hf. árið 1994 og starfaði þar til 2006, en hann var einnig virkur í starfi sveitarstjórna í á annan áratug og varð svo þingmaður og formaður fjárlaganefndar á árunum 2007 til 2009. Gunnar segir að „um sé að ræða notendastudda hönnun og settir hafa verið upp fjölmargir samráðshópar þar sem á annað hundrað aðilar taka þátt. Samráðshópar taka mið af sérhæfingu og gert er ráð fyrir að hóparnir starfi óslitið á meðan hönnunar- og verktími stendur yfir. Umgjörð er fastmótuð eins og almennt í opinberri stjórnsýslu t.d. eru reglulegir fundartímar líkt og hjá nefndum sveitarfélaga."

### Góður vinnuandi

Gunnar segir mikla áherslu lagða á góðan vinnuanda og traust meðal starfsmanna. „Það er lykillinn að góðu dagsverki," segir hann. „Gísli Georgsson stýrir samráði notenda og hönnuða og tryggir nauðsynlegt flæði upplýsinga þannig að nýbyggingar í Hringbrautarverkefninu uppfylli þarfir notenda en búi jafnframt yfir sveigjanleika til að geta uppfyllt aðrar þarfir í framtíðinni," upplýsir Gunnar, en verkefni Gísla snúa einkum að tæknivæddri klínískri starfsemi í byggingum. „Gísli hefur starfað lengi á sviði heilbrigðistækni á Landspítala og einnig erlendis í spítalaverkefnum og býr því að mikilli reynslu á því sviði."

> **Mikil vinna liggur að baki því að samræma öll þau stóru verkefni sem falla undir Hringbrautarverkefnið.**
>
> *Gunnar Svavarsson*

### Sjúkrahótel rís

Gunnar segir að Hringbrautarverkefnið gangi vel. Til dæmis sé bygging nýs og glæsilegs sjúkrahótels í fullum gangi. „Erlendur Árni Hjálmarsson hefur yfirumsjón með byggingu sjúkrahótelsins í góðri samvinnu við Framkvæmdasýslu ríkisins. Samhliða því er Erlendur Árni verkefnastjóri yfir hönnun og byggingu bílastæða-, tækni- og skrifstofuhúss á lóð Landspítalans. Hann sinnir einnig verkefnastjórn yfir verkefni sem snýr að samræmingu á hönnun og útfærslu á götum, veitum og lóð og að skilgreina aksturs- og gönguleiðir á svæðinu á verktímanum," segir Gunnar.

### Hlustað á óskir notenda

Þarfir og óskir notenda eru mikilvægar í hönnunarferlinu að sögn Gunnars. Ein þeirra sem sér til þess að komið sé til móts við þarfir notenda er Ásdís Ingþórsdóttir arkitekt, sem hefur komið að Hringbrautarverkefninu frá 2004. „Málaflokkar Ásdísar snúa aðallega að bráðamóttöku, gjörgæslu og skurðstofum í meðferðarkjarna sem og þjónustubyggingum á Hringbrautarlóðinni. Hún hefur einnig séð um verkefnahandbók NLSH sem og sannanir vegna BREEAM-vottunar bygginga." Ásdís er vottaður verkefnastjóri og sinnir fjölmörgum stærri og smærri verkefnum á vegum NLSH ohf.

### Samræming er nauðsynleg

„Mikil vinna liggur að baki því að samræma öll þau stóru verkefni sem falla undir Hringbrautarverkefnið. Þar er Ásbjörn Jónsson, fyrrverandi leikmaður Fram, ÍR og Aftureldingar, betri en enginn," segir Gunnar glettinn en Ásbjörn ber m.a. ábyrgð á heildarverkáætlun Hringbrautarverkefnisins, það er samræmingu allra þessara stóru verka meðal annars með tilliti til vinnuhagræðis, tíma og rekstrarlegra þarfa á meðan á framkvæmdum stendur. „Hann stýrir einnig samráði milli notenda og ráðgjafa þegar kemur að hönnun rannsóknarhúss annars vegar og legudeilda í meðferðarkjarna hins vegar."

### Mikilvæg upplýsingagjöf

Samskipti og upplýsingagjöf eru mikilvæg en samskiptastjóri NLSH er Magnús Heimisson. „Hringbrautarverkefnið er mjög viðamikið verkefni þar sem fjölmargir aðilar koma að skipulagningu. Magnús samræmir og samhæfir upplýsingar og gerir þær aðgengilegar almenningi og öðrum hópum. Hann sinnir innri og ytri samskiptum NLSH, samskiptum við fjölmiðla, fagaðila og aðra hópa, umsjón heimasíðu og undirbúning viðburða," lýsir Gunnar.

Að lokum nefnir Gunnar aðalsamstarfsaðila NLSH ohf. sem eru Framkvæmdasýsla ríkisins, Landspítali, Háskóli Íslands og auk þess að sjálfsögðu velferðarráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið.



**Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri NLSH (efst t.v.) ásamt stjórn félagsins en hana skipa Hafsteinn S. Hafsteinsson, Dagný Brynjólfsdóttir og Erling Ásgeirsson, formaður NLSH.**

# Stjórn NLSH ohf.

Árið 2010 setti Alþingi lög um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut. Lögin nr. 64/2010 kveða á um að opinbert hlutafélag, Nýr Landspítali ohf., sjái um undirbúning og framkvæmd verkefnisins.

Stjórn NLSH ohf. er skipuð þremur aðilum og hana skipa Erling Ásgeirsson formaður, Dagný Brynjólfsdóttir og Hafsteinn S. Hafsteinsson. Stjórnarformaður NLSH, Erling Ásgeirsson, hefur víðtæka reynslu úr atvinnulífinu og af sveitarstjórnarmálum. Erling var formaður bæjarráðs Garðabæjar samfellt frá 1997-2014. Erling segir að „það sé mikil ábyrgð að takast á við þetta mikla verkefni sem Hringbrautarverkefnið er. Að verkefninu koma hundruð aðila og þegar nýr spítali er risinn við Hringbraut mun það gerbreyta allri aðstöðu fyrir sjúklinga og starfsmenn".

„Þörfin á nýjum spítala er brýn og núverandi aðstaða er alls ekki boðleg. Það er mikil áskorun og um leið heiður að fá að leggja hönd á plóg í þessu mikla þjóðþrifamáli íslenskrar heilbrigðisþjónustu," segir Erling Ásgeirsson, stjórnarformaður NLSH ohf.

# Opnun nýrrar götu

Heilbrigðisráðherra, **Kristján Þór Júlíusson**, opnaði nýverið, með fulltrúum sjúklingasamtaka, nýja götu sem er fyrsti áfangi í uppbyggingu í Hringbrautarverkefninu við Landspítala Hringbraut.

Fulltrúar frá sjúklingasamtökum tóku þátt í athöfninni með því að opna götuna formlega með ráðherra. Að því loknu gengu fulltrúar sjúklingasamtaka með ráðherra eftir nýju götunni sem liggur frá Barónsstíg að K-byggingu Landspítala samhliða nýju sjúkrahóteli sem tekið verður í notkun 2017.

Bygging sjúkrahótelsins gengur vel og er hluti af fyrsta áfanga uppbyggingar Nýs Landspítala við Hringbraut. Í sjúkrahótelinu verða 75 herbergi og með tilkomu þess breytist aðstaða fyrir sjúklinga og aðstandendur mikið til batnaðar.

„Það var ánægjulegt að taka þátt í þessum áfanga uppbyggingar í Hringbrautarverkefninu. Verklegar framkvæmdir við sjúkrahótelið ganga vel og opnun nýju götunnar er mikilvægur áfangi í heildaruppbyggingu nýs þjóðarsjúkrahúss," sagði Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra við tilefnið.

Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri NLSH, sagði ástæðu til að gleðjast. „Það var ánægjulegt að fá fulltrúa frá sjúklingasamtökunum til liðs við okkur í dag við opnun götunnar. Uppbygging Hringbrautarverkefnisins gengur vel, nýtt sjúkrahótel rís senn sem mun gerbreyta aðstöðu sjúklinga og aðstandenda þeirra. Við horfum björtum augum á framtíðina og á þá uppbyggingu sem hér á sér stað. Að þessu verki koma fjölmargir aðilar og verkefnið gengur vel."



**Frá opnun nýju götunnar. Fulltrúar frá sjúklingasamtökum tóku þátt í athöfninni.**

> **Opnun nýju götunnar er mikilvægur áfangi í heildaruppbyggingu nýs þjóðarsjúkrahúss.**
>
> *Kristján Þór Júlíusson*

Þeir fulltrúar frá sjúklingasamtökum sem tóku þátt í athöfninni voru, Ólína Ólafsdóttir frá MS félaginu, Emil Thoroddsen frá Gigtarfélagi Íslands, Guðjón Sigurðsson frá MND félaginu, Sveinn Guðmundsson frá Hjartaheill, Bergþór Böðvarsson frá Geðhjálp, Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir frá Öryrkjabandalagi Íslands, Bryndís Snæbjörnsdóttir frá Landssamtökunum Þroskahjálp og Sigrún Gunnarsdóttir frá Krabbameinsfélagi Íslands.

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**VERÐ AÐEINS 7.990.000.**
LAND ROVER DISCOVERY 4 SE. Árg. 2012, ekinn aðeins 68.þús km,dísel,sjálfskiptur 8 gírar. Rnr.250724. S:562-1717,á staðnum.

**Bílalíf**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

100bílar.is bílasala



Fiat 500X Cross, 6/2016, ek 26 þús km, bensín, sjsk, umboðsbíll, 4x4, 170 hö, ásett verð 4.990 þús er á staðnum, raðnr 152689.



Skoda Octavia Combi, 6/2013, ek 82 þús km, dísel, bsk, ásett verð 2.650 þús, er á staðnum, raðnr 230173.



Citroen C3 Seduction, 5/2015, ek 78 þús km, bensín, bsk, ásett verð 1.550 þús, er á staðnum, raðnr 15633.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar óskast

Harðdugleg einstæð tveggja barna móðir í námi óskar eftir litlum áreiðanlegum fólksbíl, 2-300 þkr. Rakel s. 690 1490

**0-600 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 760 5027

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

## Varahlutir




## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.




**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

## Vinnuvélar

OK VARAHLUTIR



**BÍLALYFTUR- DEKKJAVÉLAR**
Tveggja pósta bílalyftur 3,8T, höfum einnig dekkjavélar (affelgunar og ballance vélar) á tilboðsverði, ATH eigum enfremur vörubíla dekkjavél. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist okspares@simnet.is




## ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

